



Jafnréttisstofa

Rannsókn á hlutdeild kynjanna í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla

Kristín Linda Jónsdóttir

Ágúst 2011

Aðfararorð jafnréttisstýru

Á síðasta ári barst Jafnréttisstofu ábending um að í glænýjum kennslubókum í sögu á miðstigi grunnskóla, *Sögueyjunni 1 og 2*, væri ekki eina einustu konu að finna í atriðisorðaskrá þar sem nafngreindur væri fjöldi karla. Enn einu sinni væri margra alda saga kvenna í landinu hunsuð, íslenskir nemendur þyrftu ekkert að vita um líf, störf, völd og áhrif kvenna fyrr á öldum. Í framhaldi af þessari ábendingu var ákveðið að sækja um sumarstarf fyrir nemanda á háskólastigi hjá Vinnumálastofnun til að gera úttekt á námsbókum og byrja á sögu fyrir grunnskóla. Til verksins var ráðin Kristín Linda Jónsdóttir mastersnemi við Háskólann á Akureyri. Kristín Linda vann að úttektinni í tvo mánuði og skilaði skýrslu um niðurstöður sínar sem hér getur að líta.

Í rannsókn Kristínar Lindu á *Sögueyjubókunum* kom í ljós að fimm konur voru nefndar með nafni á móti 106 körlum þótt þeirra væri ekki getið í atriðisorðaskrá. Það er ekki sagt frá þessum fimm konum vegna áhrifa þeirra eða merkra starfa heldur vegna þess að orð þeirra urðu fleyg eða þær ortu kvæði sem reyndar eru mun yngri en sá tími sem bækurnar fjalla um. Staðan reyndist heldur skárri í öðrum bókum sem notaðar eru við sögukennslu, þó alls ekki viðunandi. Í ljósi þeirra miklu rannsókna og þekkingar sem við búum nú yfir um sögu og líf kvenna og karla í landinu er algjörlega óviðunandi að svo gamaldags og einhliða karlasaga skuli enn einkenna kennsluefni fyrir grunnskóla.

Þegar umræður um stöðu kynjanna komust aftur á skrið um 1970 voru námsbækur eitt af þeim sviðum sem sjónir beindust að. Úttektir sem gerðar voru á lestrarbókum leiddu í ljós mjög mismunandi skilaboð til kynjanna, þar sem strákar voru hvattir til aðgerða en stúlkur til aðgerðaleysis. Bækurnar endurspegluðu gamaldags hugmyndir um hlutverk kynjanna sem voru að breytast ört. Síðan hafa öðru hvoru verið gerðar rannsóknir á kennslubókum, meðal annars í sögu, sem leiddu í ljós að mjög hallaði á konur, störf þeirra og framlag til samfélagsþróunar. Konur voru að mestu leyti fjarverandi þrátt fyrir áratuga rannsóknir í kynjasögu og mikla nýja þekkingu. Þessar rannsóknir og úttektir hefðu átt að leiða til útgáfu sögubóka sem spegla sögu beggja kynja en því er ekki að heilsa, því miður.

Frá árinu 1976 hafa verið í gildi lög um jafnrétti kvenna og karla þar með talið um þá skyldu skóla að gæta jafnréttis í skólastarfi. Þessi lög hafa verið endurskoðuð margsinnis og nú síðast (2008) var hert á ákvæðunum um skyldur skóla til að búa bæði kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu en þau er að finna í 23. gr. laga nr. 10/2008. Jafnframt er kveðið á um að ekki megi mismuna kynjunum í námsefni. Því hefði mátt vænta þess að útgefendur nýrra námsbóka tækju mið af gagnrýni á eldri bækur og settu sér það markmið að virða lög og byggja á nýjustu þekkingu í stað þess að endurtaka gamla og karllæga söguskoðun fyrri áratuga.

Í ljósi þeirrar úttektar sem hér birtist verður að krefjast þess að miklu betur verði staðið að gerð námsbóka í sögu fyrir grunnskóla og að gagnger umræða fari fram um það hvernig sögu eigi að kenna. Góðar kennslubækur í sögu hljóta að endurspegla líf fólks í landinu, bæði kvenna og karla, hárra sem lágra, ríkra sem fátækra, valdhafa og valdalausra, þannig að nemendur

kynnist lífi formæðra og –feðra og öðlist skilning á lífsbaráttu fyrri kynslóða. Efnið er til og innan ákveðinna skóla hafa verið unnin stórfín verðlaunaverkefni í sögu, t.d. *Jafnrétti kynjanna frá landnámi til vorra daga* sem unnið var af nemendum í 4. og 6. bekk Vogaskóla sem hluti af verkefninu *Jafnrétti í skólum* sem lauk árið 2010. Það þarf nýja hugsun, ný vinnubrögð, þekkingu og vitund um þöggun og kynjahalla innan söguritunar til að skrifa sögu fyrir nýja tíma.

Kristín Ástgeirsdóttir

Jafnréttisstýra

Efnisyfirlit

Rannsókn á hlutdeild kynjanna í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla	1
Inngangur	2
Aðferð	6
Niðurstöður	9
Hlutdeild kynjanna í námsefnisgerð í sögu á miðstigi grunnskóla.....	9
Hverjir eru nefndir á nafn?	10
Söguhetjur og staðalmyndir - Staða, störf og hlutverk karla og kvenna	14
Ójafn hlutur kynjanna	15
Forgangur einstaklinga, staðsetning, áhersla	16
Hlutdeild karla og kvenna í burðar- eða aðalhlutverkum.....	17
Nafngreindir einstaklingar í myndmáli	18
Orðræðugreining, orðanotkun um karla og konur	21
Almenn kynbundin umfjöllun um konur, nafngreindar og ónafngreindar	23
Umræða og samantekt.....	24
Tillaga að vinnuramma við gerð námsbóka í sögu	29
Tíu ábendingar, hugmyndir vegna vinnuramma og gátlisti við ritun námsefnis í sögu.....	29
Heimildir.....	32

Rannsókn á hlutdeild kynjanna í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla

Það fylgir því ábyrgð að velja hvaða þekking á að birtast í námsbókum grunnskólabarna og mikilvægt er að námsefnið samræmist þeim lögum og gildum sem samfélagið hefur valið sem leiðarljós á hverjum tíma. Því verður að gera kröfu um að lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla séu virt við námsbókagerð og markvisst leitað leiða til að tryggja jafna stöðu kynjanna enda jafnrétti einn bautasteina nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Í þessari rannsókn er staða kynjanna í námsbókum í sögu á miðstigi grunnskóla rannsökuð, en um er að ræða alls 11 bækur á 685 blaðsíðum. Greind er hlutdeild kynjanna í námsefnisgerð og námsefni.

Helstu niðurstöður eru að 67 einstaklingar eru skráðir aðilar að námsefnisgerðinni, 27 karlar og 40 konur en námsbækurnar semja 8 höfundar; 6 karlar og 2 konur. Karlar eru 80-95,5% nafngreindra einstaklinga í bókunum og konur því 4,5-20%. Alvarlegasta dæmið um ójafna stöðu karla og kvenna birtist í *Sögueyjunni 1 og 2* þar sem nafngreindar konur eru aðeins 4,5%, einstaklinga og er þá búið að finna saumnálarnar í heystaknum. Karlar ná 80-99% hlut í heildartíðni nafngreiningar í námsefninu, stærstur er hlutur þeirra í *Sögueyjubókunum* eða 99%. Karlmannsnöfn er að finna á 52-83% blaðsíðna en kvenmannsnöfn á 3-35% blaðsíðna. Listi þeirra einstaklinga sem oftast koma fyrir í námsefninu er eingöngu skipaður körlum, flestir eru höfðingjar og goðorðsmenn. Flestar nafngreindar konur eru kynntar sem eiginkonur, dætur eða mæður. Karlar njóta forgangs á áherslusræðum og 63 karlar og 16 konur skilgreinast sem aðalpersónur. Í myndmáli eru 38 konur nafngreindar og 121 karl. Konurnar eru oftast sýndar við barnagæslu eða heimilisstörf en karlar birtast í átökum um völd, á hestbaki, að semja um völd eða við skriftir. Í orðræðugreiningu sést að algengasta neikvæða lýsing á konum er ráðrík, frekja og skapvargur en hrósyrði fögur og glæsileg. Algengustu neikvæðu lýsingarorð um karla eru grimmur, gráðugur, ofstopamaður eða svikari en eftirsóknarverðasta lýsing voldugur, auðugur og djarfur eða kjarkmikill. Sögubækurnar eru því að staðfesta og viðhalda gömlum staðalmyndum og beita þöggun í stað þess að breyta þeim og nýta þá þekkingu sem orðið hefur til á undanfórnum áratugum um sögu kynjanna, sérstaklega kvenna.

Til að unnt sé að birta Íslendingum framtíðarinnar sem „sannasta“ sögu þar sem bæði konum og körlum eru gerð skil gæti einskonar vegvísir, vinnurammi eða gátlisti reynst mikilvægt tæki til að brjóta upp úreltan hugsunarhátt um fortíð þar sem sífellt var klifað á verkum annars kynsins en hitt virt að vettugi. Lagt er til að þeir sem koma að gerð námsefnis beiti slíkum verkfærum. Sérstakt tilefni er til að benda á að það er ábyrgðarhlutur að kenna grunnskólanemum Íslandssöguna sem sögu nafngreindra karla en nær án nafngreindra kvenna eða án þess að gera mikilvægan hlut kvenna við daglegan rekstur samfélagsins sýnilegan eins og hún birtist, til dæmis í *Sögueyjunni 1 og 2*. Gera verður kröfu um ný viðmið og vinnubrögð við námsbókagerð í sögu þar sem grunnildi menntunar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og lögum landsins um jafna stöðu karla og kvenna eru virt.

Inngangur

Í nýrri aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta 2011, er jafnrétti staðfest sem einn af sex grunnþáttum náms í íslenskum skólum. Þar eru þættirnir, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun lagðir sem hornsteinar og leiðarljós íslenskrar menntunar. Í aðalnámskránni segir að grunnþættirnir skuli fléttast inn í allt skólastarf þar á meðal efnisval og inntak náms og að námsgögn skuli vera í samræmi við gildandi lög og aðalnámskrá en þar segir: „Við gerð námsgagna og val á þeim skal þess gætt að þau taki mið af grunnþáttum menntunar, þ.e. læsi, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð, menntun til sjálfbærni og skapandi starfi. Námsgögn skulu höfða jafnt til beggja kynja og mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis...“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 35).

Það fylgir því vald og ábyrgð að velja þekkingu til náms fyrir íslenska æsku. Enginn getur lært allt en allir geta lært eitthvað og víst er að í upplýsingafloði samtímans er mikið um að ryk sé dustað af minjum og heimildum fyrri ára og alda. Það sem áður lá í leyni er gert kunnugt og fyrrum leyndardómar verða að nýrri þekkingu sem er vísindalega rökstudd. Því er mögulegt að val þeirra sem semja, ritstýra og gefa út námsefni sé vítt og opið þegar valin er þekking til náms fyrir börnin okkar, æsku landsins, í öllum námsgreinum, líka í sögu. Þekkingarspönn sögunnar sem ber í sér fortíð heimsins, landa og þjóða, stækkar dag frá degi vegna nýrra rannsókna til dæmis á sviði sagnfræði, fornleifafræði og rannsókna á fornritum. Um leið eykst krafan um að markvisst sé valin til kennslu í skólum landsins sú þekking sem talin er mikilvæg og ákjósanleg hverju sinni. Í fyrsta lagi vegna þess að hún byggist á nýjustu rannsóknum, í öðru lagi vegna mats á því hvað nauðsynlegt er að vita og í þriðja lagi vegna þess að hún er í samræmi við gildi, lög, reglugerðir og aðra vegvísa sem samfélag okkar nýtir sem leiðarljós í samtímanum.

Því er eðlilegt að sú krafa sé gerð til allra þeirra sem koma að gerð námsefnis að þeir ekki aðeins velji til náms nýjustu sögulegu þekkingu heldur virði og vinni markvisst eftir leiðarljósum í lögum landsins og samfélaginu almennt svo sem lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (Alþingi, 2008) og menntastefnu þjóðarinnar, eins og hún birtist í aðalnámskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytisins (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Þá ber að framfylgja yfirlýstri stefnu þjóðarinnar samkvæmt alþjóðlegum samningum eins og hún kemur fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, hjá Mennta-, vísinda- og menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og í stefnumörkun Evrópuráðsins um lýðræði og mannréttindi.

Því felst ábyrgð þeirra sem vinna og gefa út námsefni í sögu ekki aðeins í að velja sem réttasta sögulega þekkingu til náms fyrir börnin okkar heldur einnig í því að velja hana af kostgæfni í samræmi við sjónarmið réttlætis, jöfnuðar og annarra gilda sem til að mynda birtast í bautasteinum nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Fara verður fram á að nýtt námsefni í sögu verði til úr þekkingarpotti nútímans og að sagan sé markvisst sögð í samræmi við þau gildi og viðhorf sem samfélag okkar hefur best mótað og telur ákjósanlegust og endurspeglast í þeim lögum og samningum sem að framan greinir. Eitt þessar gilda sem fest hefur verið í lög og kemur einnig fram í aðalnámsskrá er jafnrétti milli karla og kvenna. Það verður að virða í námsefni í sögu eins og á öðrum sviðum samfélagsins. Ef til vill munu einhverjir segja að það sé ógerlegt, herföngjar, goðar, konungar og keisarar fortíðar, þeir sem stjórnðu ríkjum og samfélögum, hafi jú verið karlar sem reyndar má til sanns vegar færa. Því er til að svara að saga

þeirra er ekki nema brot af sögu mannkyns eða Íslandssögunni og það þarf að spyrja hvað skiptir máli í sögulegri þróun. Það er vitað að þá eins og nú voru konur um helmingur manna og þáttur þeirra í afkomu mannkyns gegnum aldir er ríkur og augljóst að ekki fjölgar mannkynd sér án kvenna. Auk þess má benda á að nöfn og verk þó nokkurra kvenna eru þrátt fyrir allt skráð og þekkt úr sögunni sem gefur höfundum námsefnis tækifæri til að kynna í það minnsta þær til sögunnar. Fjarvera kvenna í námsbókum í sögu í íslenskum grunnskólum er því óafsakanleg.

Rekja má rannsóknir á kynbundnu misvægi í kennslubókum til árána um og upp úr 1970 og í tengslum við þær kom fram krafa um að framlag kvenna til sögunnar kæmi fram í námsbókum (Blumberg, 2007; Black, 2006). Vandinn er alþjóðlegur en talið er að þeir sem hafa náð lengst í því að lagfæra kynbundna skekkju séu Svíar. Þó eiga þeir langt í land eins og rannsókn Ann-Sofie Ohlander frá árinu 2010 sýndi. Þar kom í ljós að fáar konur eru nafngreindar og hlutdeild kvenna í heildartexta námsbóka í sögu í Svíþjóð er hverfandi (Blumberg, 2007; Ohlander, 2010).

Rannsóknir á hlutdeild kynjanna í námsefni hafa verið unnar á vegum Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og ætíð hefur komið í ljós verulegur kynjahalli á kostnað kvenna. Hlutur karla er ríkur og konur ómerkilegri en karlar og nánast ósýnilegar (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007).

Árið 1996 birtist í Sögu, tímariti Sögufélagsins, grein eftir Þorgerði H. Þorvaldsdóttur sagn- og kynjafræðing um hlut kvenna í þeim kennslubókum sem þá voru notaðar í sögukennslu í íslenskum skólum (Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 1996). Í grein Þorgerðar, *Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?* skýrir hún frá niðurstöðum rannsóknar sinnar sem fólst meðal annars í því að telja fjölda nafngreindra karla og kvenna í námsbókum. Þá kom í ljós að í 13 námsbókum í sögu í grunnskóla, sem Þorgerður skoðaði, voru nafngreindir 1298 karlar og 132 konur og eru nafngreindir karlar því um 91% en konur 9%. Hlutfall nafngreindra kvenna af heild í einstökum bókum er á bilinu 2,8 - 21,2% (Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 1996).

Í greiningu Guðnýjar Guðbjörnsdóttur á Íslandssögubókinni, *Uppruni nútímans*, sem fjallar um tímabilið frá 1830 og er eftir Braga Guðmundsson og Gunnar Karlsson, kom í ljós alvarlegur kynbundinn halli. Þar eru 27 konur í atriðisorðaskrá á móti 222 körlum og konur komast á blað í 14 köflum af 41 (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2007).

Nú hefur útgáfa Námsgagnastofnunar á nýjum kennslubókum í sögu vakið umræður um hlutdeild kynjanna í námsefni barna í sögu í íslenskum grunnskólum. Það eru einkum bækurnar *Sögueyjan 1. hefti 870-1520* og *Sögueyjan 2. hefti 1520-1900* eftir Leif Reynisson sem komu út árin 2009 og 2010 sem hafa vakið spurningar um hvernig jafnrétti sé tryggt við gerð námsbóka í sögu enda spanna bækurnar langt tímabil í Íslandssögunni. Bragi Guðmundsson prófessor við Kennaradeild Háskólans á Akureyri fjallar um *Sögueyjuna 1* og fleiri bækur í grein sinni, *Nýjar Íslandssögur fyrir miðstig grunnskóla*, sem birtist í desember 2010. Þar segir Bragi að það sé, „...ótrúleg niðurstaða og alls ekki boðleg nú á tímum ... að, engin kona sé í hópi þeirra 40 einstaklinga sem taldir eru í atriðisorðaskrá *Sögueyjunnar 1* (Bragi Guðmundsson, 2010, bls.6).

Þriðja *Sögueyjubókin* sem mun fjalla um tímabilið frá 1900 til dagsins í dag er væntanleg (Námsgagnastofnun, fréttir, 2011) og því munu *Sögueyjubækurnar* spanna Íslandssöguna frá landnámi til dagsins í dag. Það er afar áriðandi að ákvarðanir um sjónarhorn, framsetningu og

val á þekkingu í svo mikilvægar Íslandssögubækur sé markvisst og uppfylli kröfur samtímans og markmið um menntun þjóðarinnar í samræmi við viðurkennd gildi í nútíma samfélagi og á það ekki síður við um jafnrétti en önnur gildi samfélagsins.

Mikilvægi námsbóka er óumdeilt og liggur bæði í því að þær eru gögn nemenda í gegnum námið og jafnframt sýna rannsóknir að kennarar nýta námsbækur sem meginefni og leiðarljós og miða almennt túlkun sína og umfjöllun við efni námsbókanna. Einmitt þess vegna er ójöfn staða kynjanna í námsbókum alvarlegt alþjóðlegt vandamál sem hefur víðtæk áhrif og er fjarvera kvenna í námsbókum talin einn þeirra þröskulda sem standa í vegi fyrir jafnréttisþróun (Blumberg, 2007). Skert hlutdeild kvenna í námsbókum er metin sem hluti af duldu námsskránni sem hefur víðfeðm og ófyrirséð áhrif og mótar börnin okkar beint og óbeint í gegnum uppvaxtarárin. Í rannsóknum er bent á að takmarkaður sýnileiki kvenna í námsbókum og birting þeirra í kynbundnum staðalmyndum sé sú fyrirmynd sem stúlkur nútímans spegla sig í og taki sem sjálfsgögn fyrir sig. Drengir spegla sig einnig í námsbókunum og þeir sjá þar ráðandi hlutdeild karla en fátt annað en staðalmyndir af konum (Blumberg, 2007). Þessi hugmynd um speglun er í nokkru samræmi við það sem fram kemur hjá þeim sem skrifa nú íslenskar námsbækur í sögu og má meðal annars sjá þar sem höfundur *Sögueyjunnar* talar til nemenda í formála en þar segir: „Það mikilvægasta við söguna er að með því að kynnast fortíðinni lærum við eitthvað um nútímann. Við lærum líka ýmislegt um það hvernig menn hafa farið ólíkar leiðir í lífinu. Það gerir okkur opnari fyrir þeim möguleikum sem við höfum í okkar eigin lífi.“ (Leifur Reynisson, 2009, bls. 6). Höfundur bókarinnar *Ein grjóthrúga í hafinu* vekur einnig athygli á nauðsyn þess að nemendur lifi sig inn í myndir og atburðarrás fyrir alda (Þorsteinn Helgason, 2006).

Vandséð er hvernig helmingi nemenda, stúlkum, tekst að spegla sig í námsbókum þar sem konur eru vart nefndar með nafni og hlutverk þeirra í frásögninni afar takmarkað svo ekki sé meira sagt. Drengir venjast því aftur á móti að karlar séu sífellt kynntir til sögunnar og þeirra nöfn birtist á nær hverri síðu. Námsbækurnar kalla þannig á dulinn hátt fram það sjónarmið að fjarvera kvenna sé eðlileg og að það sé sjálfsgagn að nefna ítrekað nafngreinda karla en konur séu ónafngreindur hópur ef þeirra eða verka þeirra er yfirhöfuð getið. Þessar bækur eru námsefni barna og unglunga á þeim tíma ævinnar sem þau leggja grunn að eigin heimsmynd og sjálfsm mynd. Spyrja má hvaða áhrif þetta hefur haft á jafnrétti kynjanna almennt og hvert væri jafnréttisþróunin komin í heiminum ef jafnréttis væri gætt í námsbókum?

Það er Námsgagnastofnun sem sér um útgáfu námsbóka fyrir íslenska grunnskóla. Í lögum um námsgögn nr. 71 frá 2007 (Alþingi, 2007) segir í 3. grein: „Hlutverk Námsgagnastofnunar er að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá. Stofnunin ber ábyrgð á gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu námsgagna sem hún framleiðir ...“ Í lögnum segir jafnframt í 8. grein: „Ef vafi leikur á að námsgögn uppfylli réttmætar gæðakröfur eða samrýmist markmiðum aðalnámskrár er heimilt að óska eftir því að menntamálaráðuneytið meti hvort viðkomandi námsgögn séu hæf til notkunar í kennslu.“ Það er því alveg skýrt að við gerð námsefnis ber þeim sem það vinna lagaleg skylda til að gæta jafnréttis milli karla og kvenna til hins ýtrasta.

Til eru nokkrar mælistikur sem hafa verið nýttar til að greina jafnrétti í kennslubókum þar á meðal í námsbókum í sögu. Þar er um að ræða talningu á nafngreindum einstaklingum, mælingu á tíðni nafngreiningar, mælingu á hlutdeild kynja í texta í línunum, málsgreinum eða blaðsíðum og talningu á fjölda nafngreindra karla og kvenna í myndmáli. Einnig tilgreining á einstaklingum í fyrirsögnum, efnisyfirliti og atriðisorðaskrá, vægi kynjanna í aðalhlutverkum eða sem meginpersónur, birting kynjanna í staðalmyndum og orðræðugreining í lýsingum á körlum og konum (Black, 2006: Blumberg, 2007: Ohlander, 2010). Loks má svo greina efnisáherslur eða hvað talið er þess virði að segja frá. Í þessari úttekt er leitað svara við spurningum um stöðu kynjanna í námsbókum í sögu á miðstigi grunnskóla á Íslandi. Hver er hlutdeild kynjanna í námsefnisgerð, námsefninu, staðsetningu í forgrunni, nafngreiningu, tíðni nafnbirtinga, í textanum, birtingum í myndefni, hvernig er konum og körlum lýst, hvernig staðalmyndir eru dregnar upp af konum og körlum og hvaða karlar og konur eru valin á spjöld íslenskra námsbóka til kennslu í sögu í dag, árið 2011?

Aðferð

Samkvæmt upplýsingum frá Námsgagnastofnun eru nú í boði 11 námsbækur til kennslu í sögu á miðstigi grunnskóla á Íslandi. Bækurnar eru misumfangsmiklar og viðfangsefni þeirra er allt frá þemaheftum um einstaka sögustaði á Íslandi til frásagna af ferðum manna um framandi lönd. Miðstig íslenskra grunnskóla er 5. – 7. bekkur eða þrjú ár þegar nemendur eru á aldrinum 10-12 ára. Samkvæmt aðalnámskrá Mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá árinu 2011 fellur kennsla í sögu undir flokkinn samfélagsgreinar en í honum eru einnig trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðferði (Námsgagnastofnun, 2011, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Í þessari rannsókn voru allar 11 bækurnar sem Námsgagnastofnun gefur út til kennslu í sögu á miðstigi greindar. Miðstig grunnskóla og námsefni þess í sögu var því rammi um rannsóknina þar sem staða kynjanna við námsefnisgerð og í námsefninu var rannsökuð nokkuð ítarlega. Skoðaðir voru eftirtaldir þættir:

- Hlutdeild kynjanna í námsefnisgerðinni
 - Höfundar
 - Ritstjórar
 - Höfundar myndmáls
 - Yfirlesarar og ráðgjafar
- Hlutdeild kynjanna í námsefninu
 - Hlutur kynjanna í forgrunni á áherslusvæði, fyrirsagnir/kaflaheiti
 - Nafngreining einstaklinga í texta
 - Fjöldi nafngreindra karla og kvenna
 - Tíðni nafngreiningar karla og kvenna
 - Birting á nafngreindum körlum og konum í heildartexta, talið í blaðsíðum með nafngreiningum
- Söguhetjur og staðalmyndir í námsbókum í sögu
- Staða, starf og hlutverk karla og kvenna
- Hlutdeild karla og kvenna í burðar- eða aðalhlutverkum
- Nafngreindir einstaklingar í myndmáli
- Orðræðugreining, orðanotkun um karla og konur
- Kynbundin umfjöllun um konur, nafngreindar sem ónafngreindar

Fyrsta skrefið í rannsókninni var að safna gögnum um hlutdeild kynjanna í námsefnisgerðinni og kanna þátt karla og kvenna í gerð námsbókanna. Því næst var skoðuð hlutdeild kynjanna í námsefninu, í texta, staðsetning í forgrunni og á áherslusvæði. Kannað var hvernig konur og karlar völdust til frásagnar í námsefni nemenda í sögu á miðstigi með tilliti til stöðu, hlutverks og viðfangsefna. Rannsakaður var þáttur karla og kvenna í myndmáli og algengustu birtingarmyndir. Einnig var skoðað hvernig körlum og konum er lýst og þannig metnir mikilsverðustu eiginleikar og alvarlegustu gallar kynjanna samkvæmt námsbókunum. Skráð voru dæmi um almenna kynbundna umfjöllun bæði um nafngreindar og ónafngreindar konur. Í rannsókninni var unninn heildarnafnalisti þar sem nafn hvers einasta einstaklings var talið blaðsíðu frá blaðsíðu bókina á enda. Skráð var á hvaða blaðsíðum viðkomandi nafn birtist og verkefni, staða, tilefni, birtingarmynd og lýsingar á einstaklingum í bókunum.

Tafla 1. Námsbækur í sögu á miðstigi grunnskóla til kennslu árið 2011, gefnar út af Námsgagnastofnun

Bók:	Höfundur:	Ritstjóri:	Höfundur myndmáls:	Útgáfuár:	Stærð / síður
Sögueyjan 1	Leifur Reynisson	Sigrún Sóley Jökulsdóttir, Ellen Klara Eyjólfsdóttir	Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir	2009	21 x 25 / 96 bls.
Sögueyjan 2	Leifur Reynisson	Sigrún Sóley Jökulsdóttir	Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir	2010	21 x 25 / 92 bls.
Merkir sögustaðir - Þingvellir	Þórarinn Eldjárn		Íris Auður Jónsdóttir	2008	17 x 24 / 24 bls.
Merkir sögustaðir - Hólar/Skálholt	Hrund Hlökkversdóttir	Ellen Klara Eyjólfsdóttir, Ingólfur Steinsson	Íris Auður Jónsdóttir	2006	17 x 24 / 48 bls.
Snorra saga	Þórarinn Eldjárn	Jórunn María Magnúsdóttir	Sigrún Eldjárn	2008	17 x 24 / 66 bls.
Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum	Birgir Loftsson		Freydís Kristjánsdóttir	2005	17 x 24 / 39 bls.
Leifur Eiríksson - á ferð með Leifi heppna	Jóhanna Karlsdóttir og Leif Aídt	Birna Sigurjónsdóttir	Jette Jörgensen	2008	21 x 30 / 80 bls.
Frá Róm til Þingvalla	Helgi Skúli Kjartansson	Sigrún Sóley Jökulsdóttir	Safn	2010	21 x 24 / 80 bls.
Miðaldafólk á ferð	Þorsteinn Helgason	Ellen Klara Eyjólfsdóttir, Sigrún Sóley Jökulsdóttir	Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir	2009	21 x 24 / 64 bls.
Ein grjóthruga í hafinu	Þorsteinn Helgason	Ellen Klara Eyjólfsdóttir	Safn	2006	20 x 25 / 96 bls.

Tafla 2. Bækur í rannsókninni flokkaðar saman í fjóra flokka

Bókaflokkur	Bækur
Sögueyjubækurnar	Sögueyjan 1 og 2
Sögustaðir	Merkir sögustaðir, Þingvellir, Hólar, Skálholt
Snorri og Leifur	Snorra saga, Snorri Sturluson, Leifur Eiríksson
Grjóthrúga, Róm, Miðaldafólk	Ein grjóthrúga í hafinu, Frá Róm til Þingvalla, Miðaldafólk á ferð.

Bækurnar í rannsókninni voru allar rýndar og upplýsingar skráðar um hverja fyrir sig. Þó eru tvö þemahefti *Merkir sögustaðir Hólar* og *Merkir sögustaðir Skálholt* sett saman sem ein námsbók enda efnið sambærilegt og heftin tvö eftir sama höfund, með sama ritstjóra og sömu einstaklingar sjá um myndskreytingu, yfirlestur og ráðgjöf í báðum heftunum.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar er hins vegar ýmist fjallað um hverja námsbók fyrir sig eða þær teknar saman í fjóra flokka ákveðna af rannsakanda vegna efnis, eðlis og skyldleika. Þá fara saman í bókaflokka í fyrsta lagi *Sögueyjan 1 og 2*. Í öðru lagi þrjú þemahefti um sögustaði á Íslandi, *Merkir sögustaðir Þingvellir, Hólar og Skálholt*. Í þriðja lagi þrjár bækur sem eru settar upp sem frjálslegar frásagnir af einstaklingum og lífi þeirra, tvær um *Snorra Sturluson* og ein um *Leif heppna Eiríksson*. Í fjórða lagi námsbækurnar *Miðaldafólk á ferð, Frá Róm til Þingvalla og Ein grjóthrúga í hafinu*. Þessar þrjár bækur byggjast á völdum frásögnum af mönnum, löndum, atburðum og þjóðum bæði hérlendis og erlendis svo sem af Rómaveldi, Hans Nansen höfundi heimslýsingar, Jóhönnu af Örk og Tyrkjaráninu. Hér er um grófa flokkun að ræða fyrst og fremst setta fram til að eiga kost á að draga saman og einfalda niðurstöður rannsóknarinnar.

Niðurstöður

Hlutdeild kynjanna í námsefnisgerð í sögu á miðstigi grunnskóla

Í rannsókninni var þáttur karla og kvenna í gerð námsefnisins skoðaður, sem höfunda námsefnis, ritstjóra, yfirlésara og ráðgjafa og höfunda myndmáls.

Að gerð námsbókanna komu 67 einstaklingar, 27 karlar og 40 konur. Skráðir höfundar bókanna 11 eru 12 þar sem ein bók er skrifuð af tveimur höfundum. Hins vegar eru þeir einstaklingar sem eru höfundar þessara námsbóka átta talsins, sex karlar og tvær konur. Þeir eru, Birgir Loftsson, Helgi Skúli Kjartansson, Leif Aidt, Leifur Reynisson, Þorsteinn Helgason, Þórarinn Eldjárn, Hrund Hlöðversdóttir og Jóhanna Karlsdóttir. Hrund Hlöðversdóttir, Leifur Reynisson, Þorsteinn Helgason og Þórarinn Eldjárn skrifa tvær bækur hvert. Ritstjórar eru að níu bókum ýmist einn eða tveir. Einn ritstjórinn er karl, hann ritstýrir tveimur bókum ásamt konu, hinir ritstjórnarnir eru konur. Ellen Klara Eyjólfsdóttir ritstýrir fjórum bókum og Sigrún Sóley Jökulsdóttir tveimur. Yfirllestur og ráðgjöf annast 37 einstaklingar, 20 konur og 17 karlar. Í þeim tilfellum þar sem sérstaklega eru unnar myndskreytingar fyrir bækurnar eru þær ætíð gerðar af konum. Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir myndskreytir *Sögueyjubækurnar* tvær og Íris Auður Jónsdóttir heftin þrjú, *Sögustaði*. Þess utan eiga höfundar myndmáls efni í einni bók hver. Ekki er þó alltaf búið til sérstakt myndefni fyrir bækurnar, stundum er nýtt safn ýmiskonar myndverka sem myndmál í námsefninu.

Tafla 3. Hlutdeild kynja í námsefnisgerðinni

	Höfundar	Ritstjórn	Yfirl./Ráðgj.	Myndskreyting	Samtals:
KK	9	1	17	0	27
KVK	3	9	20	8	40
Samtals	12	10	37	8	67

Ljóst er að höfundar bókanna sem skrifa þær frá grunni eru karlar í 75% tilvika. Að námsefnisgerðinni sem heild koma hins vegar fleiri konur en karlar eða 40 konur á móti 27 körlum, konur eru því um 60% þeirra einstaklinga sem koma að gerð námsefnisins.

Umfjöllun um hlutdeild kynjanna í námsefnisgerðinni út frá námsbókunum 11 segir ef til vill takmarkaða sögu þar sem bækurnar eru misumfangsmiklar bæði hvað varðar lengd og umfjöllunarefni. Þær eru allt frá 24 blaðsíðna þemaheftum um afmörkuð viðfangsefni yfir í viðamiklar yfirlitsbækur sem spanna langt tímabil í sögunni og vítt sögusvið og telja tæpar 100 blaðsíður. Því er áhugavert að skoða einnig hlutdeild kynjanna í námsefnisgerðinni út frá fjölda blaðsíðna af námsefni fyrir börn á miðstigi í sögu.

Tafla 4. Hlutdeild kynja í námsefnisgerðinni, blaðsíður

	Höfundar	Myndskreyting	Ritstjórn	Yfirl./Ráðgj.
KK	637	0	48	517
KVK	128	509	622	605
Samtals	685	509	622	605

Um er að ræða 685 blaðsíður af námsefni í heild. Höfundar 637 blaðsíðna eru karlar en konur eru höfundar 128 blaðsíðna, þar af er kona eini höfundur 48 blaðsíðna eða tveggja þemahefta. Hinar 80 blaðsíðurnar skrifar kona sem annar tveggja höfunda með karli. Því er heildarhlutdeild kvenna sem höfunda námsefnis í sögu á miðstigi grunnskóla tæp 19%, en námsefni þar sem kona er eini höfundurinn er aðeins 7%. Karlar eingöngu eru höfundar 557 blaðsíðna eða rösklega 81% námsefnisins. Konur koma að námsefnisgerðinni sem ritstjórar í 91% tilvika og eiga einnig stærri hlutdeild í yfirllestri og ráðgjöf en karlar.

Hverjir eru nefndir á nafn?

Ein af þeim mælistikum sem vegur hvað þyngst þegar rannsakað er vægi kynja í námsefni er umfang birtingar á nöfnum einstaklinga, karla eða kvenna í heildartexta námsbóka enda gefur nafngreining þeim sem hana hljóta sýnileika, forgang og stöðu fram yfir nafnleysi.

Í rannsókninni var brugðið þrenns konar mælistikum á nafngreiningu í texta námsefnisins til að meta vægi kynjanna. Mælt var í fjölda nafngreindra einstaklinga, heildartíðni nafngreiningar karla og kvenna og fjölda blaðsíðna í námsefninu þar sem fjallað er um nafngreinda einstaklinga, karla eða konur.

Niðurstöðurnar eru birtar í þremur töflum. Ein sýnir niðurstöður fyrir hverja bók fyrir sig og í tveimur eru niðurstöðurnar dregnar saman í fjóra flokka samkvæmt þeirri flokkun námsbókanna sem getið var í aðferðakafli. Fjöldi karla og kvenna var talinn, kannað hversu oft nöfnin birtast og á hve mörgum blaðsíðum. Loks eru niðurstöður reiknaðar í hlutfallstölum.

Það hvernig nafngreining einstaklinga skiptist á milli karla og kvenna í námsefninu segir mikla sögu en heildartíðni sem segir til um hve oft er klifað á nöfnum einstaklinganna í hverri bók fyrir sig og í námsefninu í heild er einnig athygli verð. Minnt er á að val á nafngreindum einstaklingum til frásagnar í námsefninu felur einnig í sér val á því hvaða einstaklingar eru ekki nefndir og vitnar því í senn um mat á þekkingu til náms og val á þekkingu sem ákveðið er að megi liggja óbætt hjá garði. Tíðni nafnbirtinga er sérstaklega áhugaverður þáttur í námsbókum þar sem endurtekning hefur áhrif á minnisfestingu og mat lesenda á mikilvægi efnisatriða.

Fjöldi blaðsíðna með nafngreindum einstaklingum dregur fram hvernig námsefnið í heild er litað af umfjöllun um karla eða konur. Hve mikill hluti textans, blaðsíðna sem birtast nemendum, innihalda nöfn karla eða kvenna og um leið hve margar blaðsíður nemendur lesa

Þar sem annað kynið er fjarverandi. Konur eru algjörlega fjarverandi á 535 blaðsíðum af 685 sem verður til þess að þegar nemendur á miðstigi fletta námsbókum í sögu, blaðsíðu fyrir blaðsíðu og læra efni þeirra, eru engar konur nefndar á nafn á yfir 78% af blaðsíðum námsbókanna. Karlar eru hins vegar nefndir til sögunnar með nafni á 616 blaðsíðum eða á tæplega 90% blaðsíðna í námsefninu.

Þegar rýnt er í þessar þrjár töflur út frá sjónarhóli jafnréttis kemur í ljós að af 556 nafngreindum einstaklingum eru 88 konur eða 16%. Heildartíðni nafngreiningar karla og kvenna, sem endurspeglar í hve ríkum mæli nöfn karla og kvenna rekja sig í gegnum námsefnið, sýnir að nafngreining kvenna nær 419 skiptum en karlar eru nafngreindir 3.131 sinnum. Þegar á heildina er litið birtast því karlmannsnöfn nemendum í 88% tilvika í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla en kvenmannsnöfn koma fyrir í 12% tilvika. Sé litið til þess hvernig nafngreiningar lita blaðsíður námsefnisins sést að á 150 blaðsíðum eru konur nefndar á nafn en karlar á 466 blaðsíðum. Einstaklingar eru því nafngreindir á 616 blaðsíðum í 685 blaðsíðna námsefni eða á 90% blaðsíðna í námsefninu. Hlutdeild kvenna í þeirri nafngreiningu er 24,3% en karla 75,7%.

Tafla 5. Hlutur kynjanna í heildartexta námsbóka: Fjöldi nafngreindra einstaklinga, karla og kvenna, heildartíðni nafngreiningar og fjöldi blaðsíðna þar sem karlar eða konur eru nafngreind

Nafn námsbókar:	Nafngr. einstakl.	Nafngr. einstakl.	H:Tíðni nafngr.	H: Tíðni nafngr.	Fjöldi, bls. með nafngr.	Fjöldi bls. með nafngr.
	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK
Sögueyjan 1.	3	64	3	258	3	50
Sögueyjan 2.	2	42	2	180	2	41
Merkir sögustaðir Þingvellir	2	17	2	30	1	11
Merkir sögustaðir Skálh./Hólar	5	30	11	272	6	38
Snorra saga	13	49	83	660	35	67
Snorri Sturluson	11	32	25	175	6	29
Leifur heppni Eiríksson	7	50	72	655	24	58
Frá Róm til Þingvalla	15	48	96	358	28	59
Miðalda fólk á ferð	12	35	49	168	20	44
Ein grjóthrúga í hafinu	18	101	76	375	25	69
Samtals:	88	468	419	3131	150	466
Karlar og konur samtals:		556		3550		616

Tafla 6. Námsbækurnar í fjórum flokkum, hlutur kynjanna í heildartexta: Fjöldi nafngreindra einstaklinga, karla og kvenna, heildartíðni nafngreiningar og fjöldi blaðsíðna þar sem karlar eða konur eru nafngreind

Nafn námsbókar: Flokkar.	Nafngr. einstakl.	Nafngr. einstakl.	H:Tíðni nafngr.	H: Tíðni nafngr.	Bls. með nafngr.	Bls. með nafngr.
	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK
Sögueyjan	5	106	5	438	5	91
Merkir sögustaðir	7	47	13	302	7	49
Snorri og Leifur	31	131	180	1490	65	154
Grjóthrúga, Róm, Miðaldafólk	45	184	221	901	73	172

Tafla 7. Námsbækurnar í fjórum flokkum, hlutur kynjanna í heildartexta: Prósentur karla og kvenna af fjölda nafngreindra einstaklinga og hlutfall karla og kvenna í heildartíðni nafngreininga. Blaðsíður þar sem karlar og konur eru nafngreind, hlutfall af heildarblaðsíðufjölda

Nafn námsbóka: Flokkar.	Nafngr. einstakl.	Nafngr. einstakl.	H:Tíðni nafngr.	H: Tíðni nafngr.	Bls. með nafngr.	Bls. með nafngr.
	%	%	%	%	%	%
	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK
Sögueyjan	4,5	95,5	1	99	3	52
Merkir sögustaðir	13	87	4	96	10	68
Snorri og Leifur	19	81	11	89	35	83
Grjóthrúga, Róm, Miðaldafólk	20	80	20	80	30	72

Söguhetjur og staðalmyndir - Staða, störf og hlutverk karla og kvenna

Þegar skoðað er hverjir það eru sem tíðast eru nefndir í námsefni barna á miðstigi í íslenskum grunnskólum í sögu kemur í ljós að þeir 12 einstaklingar sem mesta umfjöllun fá með nafni eru allt karlar.

Tafla 8. Einstaklingar sem oftast eru nafngreindir, heildartíðni í námsbókum í sögu á miðstigi, tilgreind staða samkvæmt viðeigandi námsbók/námsbókum

#	Nafn	Tíðni	Staða í námsefninu
1	Snorri Sturluson	348	Höfðingi, goði, rithöfundur
2	Leifur heppni Eiríksson	206	Landkönnuður
3	Eiríkur rauði	168	Höfðingi, landnámsmaður
4	Gissur Þorvaldsson	73	Höfðingi, goði
5-6	Egill Skallagrímsson	58	Höfðingi, skáld
5-6	Sturla Sighvatsson	58	Höfðingi, goði
7	Jón Arason	51	Biskup
8	Sturla Þórðarson	49	Höfðingi, goði, faðir
9	Júlíus Sesar	45	Keisari
10	Sighvatur Sturluson	43	Höfðingi, goði
11	Jesús Kristur	41	Trúarleiðtogi
12	Ágústus keisari	36	Keisari

Snorri Sturluson vermir toppsætið enda fjalla tvær bækur sérstaklega um hann sem eykur líkur á að nafn hans sé nefnt öðrum nöfnum oft. Sama gildir um Leif heppna þar sem ein bók fjallar um hann og það skýrir stöðu hans og föður hans Eiríks rauða.

Sérstaklega má benda á að þrátt fyrir háa tíðni nafngreiningar þessara þriggja einstaklinga verður hún ekki til þess að þessar tvær bækur sem byggðar eru á sögu karlanna, Snorra og Leifs, komi lakast út hvað varðar jöfnuð milli kynja í nafngreiningu í námsefninu. *Sögueyjubækurnar* og flokkurinn *Sögustaðir* koma slakar út hvað hlutdeild kvenna varðar. Þó Snorri, Leifur og Eiríkur séu nafngreindir nokkur hundruð sinnum eru konur 19% nafngreindra einstaklinga í bókunum um þá og 11% af heildartíðni nafngreininga í bókaflokknum. Það er sannarlega afar rýr hlutur en þó vissulega ekki jafn snautlegur og hlutur kvenna er í *Sögueyjubókunum* sem spanna árin frá 870-1900 en ætla mætti að á því árabili væri mögulegt að minnst á þekktu einstaklinga úr hópi kvenna. Benda má á að umfjöllunarefni bókanna í þessum bókaflokki, *Snorri og Leifur* hefur rík áhrif á nafnalistann. Þannig ná þeir Gissur

Þorvaldsson, Sturla Sighvatsson, Sighvatur Sturluson og Sturla Þórðarson stöðu sinni á listanum einkum vegna þessara bóka þar sem þeir tengjast söguefninu náið.

Þess má geta að flestar bækur í námsefninu nafngreina Snorra Sturluson en næstir koma þeir Leifur heppni, Sturla Þórðarson og Egill Skallagrímsson.

Ójafn hlutur kynjanna

Engin kona kemst í hóp þeirra 12 einstaklinga sem oftast eru nafngreindir. Skráin yfir þá einstaklinga sem tíðast eru nefndir í námsefni í sögu á miðstigi verður því einnig skrá yfir þá karla sem oftast eru nafngreindir í námsbókunum. Það gerir sérstaka skrá yfir þá karla sem oftast eru nafngreindir óheppilega óþarfa en slíkur listi er birtur yfir þær konur sem tíðast eru nafngreindar.

Þegar listinn yfir þá sem tíðast eru nefndir er skoðaður út frá sjónarhóli stöðu og viðfangsefna kemur í ljós ríkulegur skerfur Sturlungaaldar. Af þessum 12 einstaklingum ber Snorri Sturluson höfuð og herðar yfir hópinn sem sá einstaklingur sem oftast er nefndur og einnig sem sá einstaklingur sem kemur við sögu í flestum bókum. Hann er kynntur sem höfðingi, goði og rithöfundur. Flestir á listanum eru höfðingjar og goðar eða 7 af 12 því næst koma tveir keisarar, þá landkönnuður, biskup og Jesús Kristur sjálfur. Það eru því hetjur Sturlungaaldar, keisarar Rómaveldis, trúarleiðtogar og einn landkönnuður sem tíðast eru nefndir í kennslubókum í sögu á miðstigi grunnskóla á Íslandi, allt karlar.

Tafla 9. Konur sem oftast eru nafngreindar, heildartíðni í námsbókum í sögu á miðstigi, tilgreind staða samkvæmt viðeigandi námsbók/námsbókum

#	Nafn	Tíðni	Staða
1	Þjóðhildur Jörundardóttir	34	Eiginkona
2	Guðríður Þorbjarnardóttir	28	Eiginkona, móðir, landkönnuður, pílággrímur, nunna
3	Kleópatra	22	Drottning
4	Jóhanna af Örk	21	Herforingi
5	Anna Jasparsdóttir	19	Eiginkona, fangi,
6	Herdís Bersadóttir	18	Eiginkona
7-8	Þorgerður Egilsdóttir	16	Eiginkona, dóttir
7-8	Guðný Böðvarsdóttir	16	Eiginkona, móðir
9	Guðríður Símonardóttir	14	Eiginkona, fangi
10	Guðrún Ósvífursdóttir	13	Eiginkona
11-12	Sólveig Sæmundardóttir	11	Eiginkona
11-12	Auður djúpúðga	11	Landnámskona

Listinn sem telur þær konur sem oftast eru nafngreindar í námsefninu er leiddur af Þjóðhildi Jörundardóttur söguhetju í bókinni *Leifur Eiríksson*. Nafn hennar er eingöngu nefnt í þeirri bók og má því skýra stöðu hennar í toppsætinu með henni. Í öðru sæti er Guðríður Þorbjarnardóttir sem kemur við sögu í sömu bók og Þjóðhildur, *Leifur Eiríksson*, sem dóttir, eiginkona og móðir. Guðríður er hins vegar kynnt sem landkönnuður, pílgrímur, stofnandi klausturs og nunna í bókinni *Miðaldafólk á ferð*. Athyglisvert er að skoða mismunandi kynningu á Guðríði fyrir nemendum í sögu á miðstigi í bókunum tveimur. Sami einstaklingur er kynntur til leiks í afar mismunandi hlutverkum í þessum tveimur bókum. Það vekur athygli á þeim valkostum sem bjóðast höfundum og öðrum sem koma að námsefnisgerð varðandi val á þekkingu, sjónarhorni, túlkun og framsetningu í námsefninu.

Af konunum 12 sem hér eru taldar eru 7 kynntar sem eiginkonur, sumar þeirra einnig sem dætur eða mæður. Tvær þeirra eru nefndar vegna stöðu sinnar sem fangar í Tyrkjaráninu en fjallað er um þær sem eiginkonur bæði fyrir og eftir ránið. Verulegur meirihluti þeirra kvenna sem oftast er getið um eru því fyrst og fremst kynntar nemendum sem eiginkonur. Aðeins ein drottning, einn herforingi, ein landnámskona og Guðríður, sem ýmist er landkönnuður eða eiginkona, birtast nemendum sem einstaklingar vegna eigin verka.

Forgangur einstaklinga, staðsetning, áhersla

Hvaða einstaklinga er getið með nafni, í efnisyfirlitum og kaflaheitum bókanna í þeim 11 námsbókum sem skoðaðar voru. Hverjir fá þá sérstöku stöðu í námsbókunum að vera settir fremst á sviðið, fá staðsetningu og vægi í forgrunni, vera hampað sem persónum sem eru þess virði að fá nefndan eftir sér kafla í námsbók, að ekki sé talað um heila bók? Eru þau sem hljóta þann sess af báðum kynjum?

Þrjár bókanna 11 eru nefndar eftir einstaklingum, tvær eftir Snorra Sturlusyni og ein eftir Leifi heppna Eiríkssyni, 27% bókanna eru því nefndar eftir einstaklingum 100% eftir körlum.

Alls eru 55 kaflar í námsefninu nefndir eftir einstaklingum, 48 þeirra eða 87% eftir körlum og 7 kaflar eða 13% eftir konum. Til að gefa nokkra mynd af þeim einstaklingum sem valdir eru í þessa stöðu í námsefninu er birtur nafnalisti þeirra sex karla sem getið er oftast en einu sinni í kaflaheiti og kvennanna sex sem rötuðu í kaflaheiti. Allar konurnar komu aðeins einu sinni í kaflaheiti nema Jóhanna af Örk sem fær kennda við sig tvo kafla í bókinni *Miðaldafólk á ferð*. Þessi nafnalisti er því heildarnafnalisti yfir þær konur sem staðsettar eru í forgrunni í námsefninu en ekki yfir karlana enda þyrfti hann þá að telja 48 karlmannsnöfn.

Tafla 10. Hlutdeild karla og kvenna í kaflaheitum í námsefninu

Konur	Tíðni	Karlar	Tíðni
Jóhanna af Örk	2	Snorri Sturluson	6
Auður djúpúðga	1	Leifur heppni Eiríksson	5
Guðríður Þorbjarnardóttir	1	Hans Nansen	3
Kleópatra	1	Ingólfur Arnarson	2
Melkorka Mýrkjartansdóttir	1	Jón Arason	2
Þorgerður Egilsdóttir	1	Þorlákur helgi Þórhallsson	2
Aðrar konur	0	Aðrir karlar	28
Samtals:	7		48

Hlutdeild karla og kvenna í burðar- eða aðalhlutverkum

Þegar rýnt er í hvaða einstaklingar fá aukið vægi í námsefninu vegna mikillar umfjöllunar, forgangs í staðsetningu, svo sem í kaflaheiti, og aukinnar áherslu fram yfir aðrar persónur kemur ójöfn staða kynjanna enn á ný fram. Þeir einstaklingar sem ná þannig leiðandi stöðu, megin- eða aðalpersónu í námsefninu sem fer með einhverskonar burðarhlutverk eru 63 karlar og 16 konur.

Mat á hvenær einstaklingur nær stöðu leiðandi persónu er umdeilanlegt en hér er skilgreiningin byggð á tíðni nafngreiningar, mælikvarða sem er fastur í hendi, enda ljóst að þeir einstaklingar sem nafngreindir eru hvað eftir annað hljóta að öðlast fremur stöðu aðalpersónu í huga lesenda en þeir sem aðeins eru nefndir einu sinni eða tvisvar. Þannig má ætla að einstaklingar sem nafngreindir eru 10 sinnum eða oftar í viðkomandi námsbók og koma því fyrir aftur og aftur í málsgreinum, á blaðsíðum og í umfjöllunarefninu fái fremur stöðu leiðandi persónu en þeir sem nefndir eru einu sinni eða tvisvar. Staða þeirra sem oft eru nefndir sem aðalpersónur er iðulega studd nafngreiningu í kaflaheiti, myndmáli eða öðru auknu vægi í námsefninu.

Það fyrsta sem við blasir þegar staða einstaklinga í námsbókunum er skoðuð er að þrjár bækur fjalla um einstaka karla og bera nafn þeirra. Þetta eru bækurnar *Snorra saga*, *Snorri Sturluson* og *Leifur Eiríksson*, engin bók fjallar um konu með sambærilegum hætti.

Í bókaflokknum *Sögueyjubækurnar* er á 188 blaðsíðum fjallað um tímabilið frá 870-1900. Þar er minnst á 5 konur með nafni, einu sinni hverja. Hlutverk þeirra er nær ekkert og engin þeirra nær stöðu aðalpersónu. Fjarvera nafngreindra kvenna er sláandi í *Sögueyjuni 2*, svo sem þar sem sagt er frá Grundarbardaga og bæði Jón skráveifa og Smiður Andrés�on eru nafngreindir en ekki Helga á Grund, einungis talað um húsráðandann (Leifur Reynisson, 2010). Þarna er dæmigerð þöggun á ferð. Engin landnámskona er nafngreind. Þrælar Ingólfs Arnarsonar eru

nafngreindir en ekki Hallveig Fróðadóttir (Leifur Reynisson, 2009) sem varð að byggja upp og stýra heimili í nýju landi. Nöfn karlanna níu sem teljast aðalpersónur í *Sögueyjubókunum* birtast 10 sinnum eða oftar. Í þeim hópi eru til dæmis Gissur Þorvaldsson, Snorri Sturluson, Jón Arason og Marteinn Lúther allir nafngreindir 20-30 sinnum.

Engin kona er aðalpersóna í bókaflokknum *Sögustaðir*. Þar er minnst með nafni á fimm konur 1-3 sinnum hverja, þær eru mæður, eiginkonur eða gyðjur og engin er nálægt því að teljast aðalpersóna. Þar fá mest vægi biskuparnir Þorlákur helgi Þórhallsson, Brynjólfur Sveinsson, Jón Vídalín, Jón Arason og Guðmundur Arason sem nafngreindir eru 20-30 sinnum hver. Sex aðrir karlar eru nafngreindir 10-20 sinnum.

Í bókaflokknum *Snorri og Leifur* eru 23 karlar nafngreindir 10 sinnum eða oftar og hér komast sjö konur í hóp aðalpersóna. Ein kona nær að vera meðal þeirra 10 einstaklinga sem oftast eru nafngreindir í bókaflokknum, það er Þjóðhildur Jörundardóttir sem er nafngreind 34 sinnum. Þeir karlar sem fá stærstan sess eru Snorri, Leifur, Eiríkur rauði og Gissur Þorvaldsson. Nöfn þeirra ganga í gegnum námsefnið og birtast nemendum oftar en 50 sinnum hvert.

Í bókaflokknum *Grjóthrúga, Róm og Miðaldafólk* eru 20 karlar sem ná þeirri skilgreiningu að vera í aðalhlutverki og 9 konur og standa konur hér best að vígi hvað varðar vægi sem meginpersónur í námsbókunum. Þær konur sem tíðast eru nafngreindar fá nefndan eftir sér kafla í námsefninu og eru því óumdeilanlega í aðalhlutverki. Þetta eru Kleópatra drottning Egypta, Jóhanna af Örk og Guðríður Þorbjarnardóttir. Það yrði of langt mál að telja hér upp alla þá karla sem ná sama sessi en hópinn leiða Sesar og Ágústus, keisarar Rómverja.

Tafla 11. Fjöldi kvenna og karla í leiðandi hlutverkum í bókaflokkunum

Bókaflokkur	Konur	Karlar
Sögueyjan	0	9
Merkir sögustaðir	0	11
Snorri og Leifur	7	23
Grjóthrúga, Róm, Miðaldafólk	9	20
Samtals	16	63

Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að staða kvenna er 0 í bókaflokkunum *Sögueyjubækurnar* og *Sögustaðir*, engin kona fær þar stöðu aðalpersónu.

Nafngreindir einstaklingar í myndmáli

Sagt er að myndir segi meira en þúsund orð og víst er að myndir eru ekki síður áhrifaríkur miðill þegar börn eiga í hlut sem lesendur en fullorðið fólk eins og raunin er með námsbækur. Í rannsókninni var skráð myndbirting þeirra nafngreindu einstaklinga sem voru merktir í myndatexta eða mátti greinilega þekkja á mynd vegna umfjöllunar í texta í viðkomandi bók.

Niðurstöður segja ekki til um heildarmyndbirtingu ónafngreinds fólks í námsefninu en sýna hvaða einstaklingum er gefið aukið vægi með því að fjalla ekki eingöngu um þá í texta heldur einnig í myndmáli. Varðandi heildarmyndbirtingu ónafngreinds fólks í bókunum má benda á að ekki er mögulegt að telja konur og karla með fullri vissu þar sem margar teikningar eru með þeim hætti að kyn einstaklinga er óljóst og jafnvel óljóst hve margt fólk er teljanlegt á sumum myndum.

Tafla 12. Námsbækur í fjórum flokkum, hlutur kynjanna í myndmáli: Fjöldi nafngreindra einstaklinga, karla og kvenna, heildartíðni nafngreindra einstaklinga á mynd og hlutdeild kynjanna í heildarmyndbirtingu nafngreindra einstaklinga

Nafn námsbóka: Flokkar.	Nafngr. einstakl. á mynd	Nafngr. einstakl. á mynd	Nafngr. einstakl. á mynd. Heildar Tíðni	Nafngr. einstakl. á mynd. Heildar tíðni	Nafngr. einstakl. á mynd %	Nafngr. einstakl. á mynd %
	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KVK
Sögueyjan	3	35	3	36	8%	92%
Merkir sögustaðir	2	17	2	22	8%	92%
Snorri og Leifur	11	25	16	74	18%	82%
Grjóthrúga, Róm, Miðaldafólk	22	44	28	58	33%	67%
Samtals:	38	121	49	190		

Samtals má greina 38 nafngreindar konur á myndum í námsbókum í sögu á miðstigi en 121 karl. Þessar konur birtast 49 sinnum á mynd en karlarnir 190 sinnum.

Þegar myndmálið í námsefninu er skoðað nánar er ójafnuður milli kynja alvarlegastur í bókaflokkunum *Sögueyjubækurnar* og *Sögustaðir*. Í *Sögustöðum* má aðeins greina á mynd tvo nafngreindra einstaklinga sem eru kvenkyns, það eru gyðjurnar Frigg og Freyja í bókinni um Þingvelli. Í *Sögueyjuni 1* og *2*, *Íslandssagan frá 870-1900*, má sjá þrjár nafngreindar konur á mynd, Ólöfu ríku og Guðrúnu Ósvífursdóttur að mæla orðtök sem við þær eru kennd og Kristínu konu Ara sýslumanns í Ögri á kristilegu málverki.

Í bókaflokknum, *Grjóthrúga, Róm, Miðaldafólk* má greina flestar nafngreindar konur á mynd, alls 22, og þær ná 33% hlutdeild í myndmáli námsbókanna.

Tafla 13. Dæmi um þá einstaklinga sem birtast öðrum oftast í myndmáli námsefnisins

Konur	Karlar
Guðríður Þorbjarnardóttir	Snorri Sturluson
Jóhanna af Örk	Leifur heppni Eiríksson
Guðný Böðvarsdóttir	Ingólfur Arnarson
Hallgerður langbrók	Kristófer Kólumbus
Þjóðhildur Jörundardóttir	Þorgeir Ljósvefningagoði
María mey	Guðmundur góði Arason
	Egill Skallagrímsson
	Ari fróði
	Þorlákur helgi Þórhallsson
	Jón Arason

Þær konur sem birtast oftast í myndmáli bókanna eru Guðríður Þorbjarnardóttir og Jóhanna af Örk, aðrar konur sjást tvisvar eða sjaldnar á mynd í öllu námsefninu. Þeir karlar sem oftast sjást eru Snorri, Leifur og Ingólfur.

Þegar rýnt er í hvernig þeir sem vinna námsefnið kjósa að sýna nemendum karla og konur í myndmáli námsbókanna kemur í ljós að konur eru oftast við barnagæslu og heimilisstörf. Þær standa líka iðulega hjá sem áheyrendur að hlýða á orð karla. Algengt er að karlar séu sýndir í einhverskonar átökum um völd, ýmist slagsmálum eða orrustum, oft með vopn. Karlar eru gjarnan klæddir einhverskonar embættisbúningi og með valdatákn. Sem dæmi má nefna biskupa í fullum skrúða með veldissprotu, presta, konunga og keisara. Í námsbókunum ræða karlar líka sín á milli um völd, ráða ráðum sínum og taka ákvarðanir. Þeir koma nemendum einnig oft fyrir sjónir á hestbaki, í víkingaklæðum, jafnvel í skipsstafni eða við skriftir.

Tafla 14. Algengustu viðfangsefni, störf, staða karla og kvenna í myndmáli námsefnisins

#	Konur	Karlar
1	Við barnagæslu	Í átökum um völd
2	Við heimilisverk	Við völd á hestbaki
3	Að hlýða á menn tala	Valdamenn að semja, ræða saman
4		Við skriftir, fræðimenn
5		Víkingar í búningi

Orðræðugreining, orðanotkun um karla og konur

Auk rannsóknar á hlutdeild karla og kvenna í texta og myndmáli í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla var kannað hvernig fjallað er um karla og konur í bókunum. Það er að segja hvaða orð höfundar velja að nota til að lýsa nafngreindum konum og körlum, hver eru jákvæðustu orðin, mesta hrósið og hver þau neikvæðustu eða versta skammaryrðið. Orðanotkun dregur fram ímynd þess ákjósanlega og ámælisverða í fari karla og kvenna og varpar henni til lesenda, grunnskólanema á miðstigi. Nemendurnir fá þessar lýsingar og ímynd upp í hendurnar, þær eru hluti af dulinni námskrá námsefnis í sögu sem hefur ómeðvitað mótandi áhrif á þann sem les og getur skapað í huga hans skilgreiningar á því sem er eftirsóknarvert og mikilvægt í fari karla og kvenna ekki aðeins þá heldur einnig nú.

Í skránni yfir lýsingarorð sem oftast koma fyrir í námsefninu þegar sagt er frá konum og körlum eru færri orð talin til fyrir konur einfaldlega vegna þess að svo fáum konum er lýst í námsbókunum að fleiri orð finnast ekki til að byggja á samantekt og það er umhugsunarvert í sjálfu sér.

Það blasir við þegar orðin eru tekin saman að orðin sem eru eftirsóknarverðust og jákvæðust þegar kemur að lýsingum á körlum eru völdugur og auðugur. Þeir karlar sem hafa völd og auð eru á efsta stalli. Auður og völd eða önnur mjög sambærileg orð eins og valdamikill og ríkur, komu oftast fyrir sem mikilvægasta jákvæða lýsing á körlum. Karlar sem fara með völd, eru ráðandi, stýra búi, landsvæði, goðorði, biskupsdæmi eða ríki og eru ríkir af lausafé, munum, landi og öðrum gæðum eru númer eitt. Síðan koma orð eins og djarfur og kjarkmikill, vitur, metnaðargjarn, fróður, vinsæll og gestrisinn.

Orðin sem oftast eru nýtt til að lýsa konum á jákvæðan hátt eru fögur og glæsileg eða mjög svipuð orð eins og sæt. Kona sem hefur útlitið með sér, er fögur, glæsileg eða jafnvel sæt, vekur aðdáun og er eftirsóttur kostur og hefur því meiri möguleika en aðrar konur samkvæmt námsefninu. Það er því útlitið sem skipar konum á efsta stall og því næst ætt og staða sem dóttir, móðir, eiginkona eða ekkja, þar sem miklu skiptir að vera stórættuð og eiga í vændum arf. Það gefur viðkomandi konu jákvætt forskot fram yfir aðrar.

Þeir eiginleikar sem báðum kynjum er hrósað fyrir í námsefninu eru vit og þekking það er því jákvæður kostur að vera vitur og fróður hvort sem í hlut á karl eða kona.

Þau orð sem oftast er gripið til þegar rætt er um galla eða neikvæða eiginleika karla eru orðin grimmur, gráðugur, ofstopamaður, svikari og illmenni. Ekki þykir heldur gott að vera kjarklaus gunga, eignalaus eða umdeildur og geðvondur.

Hvað konur áhrærir er ráðríki og frekja oftast taldir verstu gallar á konum og svo ef þær eru skapvondar eða jafnvel skapvargar. Þá kemur nokkrum sinnum fram í einni námsbókinni að konur hafi verið of fáklæddar.

Tafla 15. Algengustu orð sem nýtt eru til að lýsa kostum og löstum karla og kvenna í námsefninu

#	Jákvæð Konur	Jákvæð Karlar	Neikvæð Konur	Neikvæð Karlar
1	Fögur	Voldugur	Ráðrík	Grimmur
2	Glæsileg	Auðugur	Frekja	Gráðugur
3	Stórættuð, erfingi auðæfa/valda	Djarfur, kjarkaður	Skapvargur	Ofstopamaður
4	Vitur	Vitur	Fáklædd	Svikari
5	Ung	Metnaðargjarn	Ráðrík	Illmenni
6	Dugleg	Fróður		Gunga
7	Fróð	Vinsæll		Eignalaus
8		Gestrisinn		Umdeildur
9		Hraustur		Geðvondur
10		Skáldmæltur		Ræningi

Almenn kynbundin umfjöllun um konur, nafngreindar og ónafngreindar

Víða í námsefninu er fjallað um konur sem ónafngreindan hóp. Oft virðist undir hælinn lagt hvort fjallað er um konur sem virka þátttakendur í samfélaginu, einstaklinga sem gegna mikilvægum stöðum og störfum og bera ábyrgð eða sem undirsáta, aðstoð eða hlutgerð verkfæri í heimi karlanna sem um er fjallað á 90% blaðsíðna í námsefninu. Umfjöllunin virðist á köflum ómarkviss og tilviljanakennd og stundum skortir á reifun og skýringar. Hér eru nefnd örfá dæmi úr námsefninu.

Þegar bókaflokkurinn *Snorri og Leifur* er rýndur sést misvísandi lýsing á konum. Þannig segir í Snorra Sturlusyni, „... svo komu bændur. Þeir réðu yfir konum sínum og börnum...“ (Birgir Loftsson, 2005, bls. 4). Í sömu bók segir, „Fyrir flestum heimilum réðu bóndi og húsfreyja.“ (Birgir Loftsson, 2005, bls. 8) og einnig „Húsfreyjan gegndi mjög ákveðnu hlutverki á heimilinu og var staða hennar sterk gagnvart heimilisfólkinu ... Húsfreyjan réð ótakmarkað yfir matvælum heimilisins. Hún hafði lykvald á heimilinu og réð fyrir hjúum og sagði fyrir verkum jafnt á við húsbóndann. Í fjarvist eða forföllum hans annaðist konan bú og börn...“ (Birgir Loftsson, 2005, bls. 14). Þarna hefði þurft að skýra betur hvað átt var við með því að karlar réðu yfir konum sínum og börnum en væntanlega er verið að vísa til lagalegrar stöðu. Í bókinni *Leifur Eiríksson* er Þjóðhildur sett fram sem gerandi þegar hún mælir orðin, „Við verðum að flytja.“ (Jóhanna Karlsdóttir og Leif Aidt, 2004, bls. 28) og þegar hún, „skipaði fólkinu að undirbúa flutning.“ (Jóhanna Karlsdóttir og Leif Aidt, 2004, bls. 28).

Í *Snorra sögu* er sagt frá því bæði í texta og myndmáli þegar tengdasynir Snorra, Kolbeinn ungi og Gissur Þorvaldsson, skila konum sínum, Hallberu og Ingibjörgu, eins og gölluðum hlutum sem þeir gefast upp á vegna klinkunar og frekju að þeirra sögn (Þórarinn Eldjárn, 2008, bls. 50).

Bókin *Miðaldafólk á ferð* sýnir konur í stöðu gerenda í myndmáli. Jóhanna af Örk prýðir forsíðuna og sterk mynd er af Guðríði Þorbjarnardóttur í skipsstafni (Þorsteinn Helgason, 2009). Námsbókin *Frá Róm til Þingvalla* sýnir Þórunni hyrnu og Helga magra samhliða sem landnámshjón og Auði djúpúðgu sem geranda. „Auður lét smíða sér skip, réð sér áhöfn og sigldi með barnabörnin til Íslands.“ (Helgi Skúli Kjartansson, 2010, bls. 49). En þar er því líka velt upp hvort að stelpa geti orðið bóndi og svarað til að Auður djúpúðga hafi jú getað það sem ekkja en, „Þó að gift kona ætti jörð gat hún ekki ráðið yfir búinu sjálf. Maðurinn hennar gerði það.“ (Helgi Skúli Kjartansson, 2010, bls. 49).

Í *Sögueyjunni 1* er sérkafla þar sem konur og börn eru spyrt saman í eitt og kemur kaflinn næst á eftir kafla um eignalítið fólk. Í kaflanum um konur og börn segir frá litlum völdum kvenna og að hlutverk þeirra hafi verið barnaupveldi og heimilisstörf en þar segir einnig, „Þær gátu engu að síður notið mikillar virðingar enda eru margar fornar frásagnir til af glæsilegum konum sem gáfu karlmönnum ekkert eftir að myndugleika og vitsmunum.“ (Leifur Reynisson, 2009, bls. 33) Sérstaka athygli vekur að ekki er sagt frá þessum konum í *Sögueyjubókunum*.

Umræða og samantekt

Í rannsókninni kom halli milli kynja strax í ljós þegar skoðuð var hlutdeild karla og kvenna í námsefnisgerðinni. Aðeins 7% námsefnis í sögu fyrir miðstig grunnskóla er skrifað af konu eingöngu, tvö þemahefti um Hóla og Skálholt. Karlar eru því höfundar námsefnisins í 93% tilvika og eingöngu karlar skrifa 81% námsbókanna. Ætla má að höfundar bókanna hafi mest um efnistöð, val á þekkingu, sjónarhorni, orðalagi, einstaklingum, atburðum og lýsingum að segja, þó er óljóst hve mikil áhrif ritstjóra, yfirlesara og ráðgjafa eru og kunna þau að vera mismunandi. Þátttaka kvenna tryggir auðvitað ekki að jafnréttis milli kynja sé gætt, eftir því sem kostur er, nema að ákveðin þekking og vitund sé til staðar sem getur auðvitað einnig verið raunin hjá körlum. Hvað sem því líður væri ákjósanlegt að bæði karlar og konur tækju að sér að skrifa námsefni fyrir íslenska grunnskólanemendur hvort sem er í sögu eða öðrum námsgreinum. Þar ættu engin ljón að vera í veginum þar sem það er næsta víst að Íslendingar hafa á að skipa hæfum einstaklingum af báðum kynjum hvort sem er úr hópi sagnfræðinga, rithöfunda eða þeirra sem hafa sérmenntun í náms- og kennslufræðum.

Hlutdeild kynjanna við nafngreiningu á námsefninu er grátlega ójöfn. Gildir þar einu hvaða mælistika er til skoðunar, hlutur kvenna er í öllum tilfellum snautlegur þótt haft sé í huga að samfélagi fyrri alda var að miklu leyti stjórnað af körlum og að þeirra var opinbera valdið. Konur höfðu bæði völd og áhrif en gjarnan með öðrum hætti en karlar. Rannsóknir undanfarinna áratuga í kynjasögu hafa ekki aðeins dregið fjölda nafngreindra kvenna og verk þeirra fram í dagsljósið heldur varpað nýju ljósi á samfélagið, mismunandi valdakerfi innan þess og mikilvægi þeirra starfa sem konur unnu, allt frá húsfreyjum til vinnu- og sjókvenna. Ekkert samfélag þrífst án kvenna. Af hverju spegla glænýjar sögubækur ekki nýja þekkingu og breyttar áherslur í sagnfræði?

Aðeins 88 konur eru í hópi þeirra 556 einstaklinga sem nafngreindir eru, þær eru tæp 16% nafngreindra einstaklinga en karlar 84%. Heildartíðni nafnbirtinga í námsefninu er 3.550 einstaklingar, 3.131 sinni er greint frá nafni karlmanns en 419 sinnum frá nafni konu, þar er hlutur kvenna enn verri eða aðeins tæp 12%. Síðasta mælistikan af þeim þremur sem nýttar eru til að skoða hlutdeild kynjanna í nafngreiningu í námsefninu er fjöldi blaðsíðna þar sem minnst er á nöfn karla og kvenna. Nafngreindir karlar koma fyrir sjónir nemenda á 616 blaðsíðum af 685 en nafngreindar konur á 150 blaðsíðum. Karlar eru því nefndir á 90% blaðsíðna í námsefninu en konur á 22% síðna.

Fjarvera nafngreindra kvenna er sláandi og áberandi í námsefninu í það minnsta fyrir fullorðinn einstakling sem þekkir söguna sem leikmaður án sagnfræðimenntunar en væntanlega ekki fyrir markhóp námsbókanna, nemendur sem eru að læra sögu fyrri alda í fyrsta sinn. Því hlýtur sú spurning að vakna í hugum þeirra hvort konur hafi hreinlega ekki verið til, eða í það minnsta ekki skírðar með nafni. Helst er minnst á þær á þann hátt að sagt er frá nafngreindum körlum og hnýtt við í lok setningar, ásamt konu sinni, eða viðlíka orðalagi sömu merkingar. Víða missa höfundar af eða sleppa kjörnu tækifæri til að gera þekktum konum í sögunni skil, nefna ekki nöfn þeirra eða nafngreina þær aðeins einu sinni nær án umfjöllunar. Þannig verður sagan karlasaga, aðeins hálf sannleikur eða hluti þeirrar þekkingar sem þó er til um ákveðin sögusvið.

Í samfélagi sem hefur þingfest lög um jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna og valið sér jafnrétti sem megin stoð í aðalnámskrá gunnskóla er til að mynda algjörlega ástæðulaust að fjalla um Ingólf Arnarson án þess að nafngreina Hallveigu Fróðadóttur sem líka nam land í Reykjavík og varð að stýra matar- og fatagerð ofan í víkinga, þræla og vinnufólk, auk annarra starfa. Nafn nöfnu hennar, Hallveigar Ormsdóttur, hefði sannarlega einnig mátt sjást í nýjum Íslandssögubókum fyrir grunnskóla, *Sögueyjunni 1* og *2* svo dæmi sé tekið, en hvorugt þeirra er þar. Af því leiðir að engin ástæða er til að ætla að þeir nemendur sem nú læra Íslandssöguna muni tengja nafnið Hallveig við merka Íslendinga fyrri tíðar.

Það er sérlega áhugavert að rannsaka tíðni nafngreiningar við greiningu námsbóka vegna þess að há tíðni, þegar oft er klifað á nöfnum sömu einstaklinga, eykur líkur á að þau gleymist ekki. Þannig síast þessi nöfn inn í vitundina, jafnvel ómeðvitað, og verða hluti af bakgrunnsþekkingu einstaklingsins, þeirri vitund sem meðvitað eða ómeðvitað hefur áhrif á persónuna í framtíðinni, gildismat, hegðun og líf. Því má sannarlega velta fyrir sér þeim áhrifum sem það kann að hafa á grunnskólabörn að í námsefni þeirra birtist nöfn karla sí og æ aftur og aftur, jafnvel þó það séu sömu nöfnin, enda talið að endurtekning auki líkur á minnisfestingu. Nafngreindar konur eru fjarverandi, þær eru ekki með í 78% námsefnisins, ekki nefndar á nafn á 535 blaðsíðum. Karlarnir eru ríkjandi, þeirra nöfn eru talin, þeir eru á staðnum á 9 af hverjum 10 blaðsíðum. Konur eru fjarri, ekki með, ekki taldar upp. Miðað við hlutdeild þeirra í námsefninu mætti ætla að hlutverk þeirra, í það minnsta sem nafngreindra einstaklinga, hafi verið nær ekkert. Ójafnréttið sker í augun. Sérstaklega vegna þess að í mörgum tilfellum væri einfalt að draga úr kynbundnu misvægi og auka hlutdeild kvenkynsins, þó ekki væri nema með því að kynna til sögunnar bæði kvenkyns og karlkyns goð og gyðjur. Þær voru jú líka hluti af heiðnum sið Frigg, Freyja, Sif, Iðunn og Eir, höfðu hlutverki að gegna, voru gerendur og létu ekkert vaða yfir sig.

Þegar á heildina er litið er staða kynjanna hvað varðar nafngreiningu í námsefni í sögu á miðstigi grunnskóla afar ójöfn. Tekur þó út yfir allan þjófabálk þegar kemur að námsbókunum *Sögueyjan 1* og *2*. Þar er annað kynið, konur, að heita má fjarverandi. *Sögueyjubækurnar* eru því nær einhliða saga helmings mannkyns, karla en ekki manna. Í *Sögueyjunni 1* og *2* eru nafngreindar samtals fimm konur einu sinni hver og koma þessi kvennöfn fyrir á fimm blaðsíðum í báðum bókunum. Heildartíðni nafngreiningar kvenna á þessum 188 blaðsíðum sem fjalla um tímabilið frá 870-1900 er því fimm en heildartíðni nafngreiningar á körlum er 438. Konur ná því ekki að vera 5% nafngreindra einstaklinga og hlutur kvenna í heildarnafngreiningu námsbókanna tveggja er aðeins 1% á 3% blaðsíðna í *Sögueyjunni 1* og *2*. Þar með er ekki öll sagan sögð því að tvær þessara fimm kvenna eru nefndar eingöngu vegna þess að eitt ljóð eftir hvora hefur verið valið til að skreyta síður *Sögueyjubókanna*. Nöfn þeirra teljast eingöngu vegna undirskriftar undir þessum ljóðum. Þeirra er ekki getið í meginmáli. Þær eru fæddar seint á 19. öld og ekki þátttakendur í atburðarrás sögunnar á spjöldum *Sögueyjubókanna*. Þá eru eftir þrjár konur, tvær þeirra eru nefndar með nafni sem höfundar orðtaks og sú þriðja er nafngreind sem eiginkona í myndatexta þar sem hún er við hlið eiginmanns síns á fornu málverki. Þá eru allar nafngreindar konur í þessum 188 blaðsíðna bókum sem spanna sögu Íslands í eitt þúsund ár upptaldar. Aðeins ein kona af þessum fimm er nefnd í meginmáli bókanna, Ólöf ríka höfundur orðtaksins, „eigi skal gráta Björn bónda heldur safna liði,“ (Leifur Reynisson, 2009, bls. 86). Nöfn hinna fjögurra koma aðeins fyrir í myndatextum. Engin kona er nefnd í atriðisorðaskrá *Sögueyjunnar 1* og *2* en þar eru nefndir 78 karlar sem eru þó ekki allir

karlarnir sem nafngreindir eru í bókunum því þeir eru 106. Það þarf vart að taka þá sorglegu staðreynd fram að í *Sögueyjubókunum* mælist engin kona á öðrum mælistikum rannsóknarinnar svo sem í forgangi vegna staðsetningar, sem aðalpersóna eða sem einstaklingur á nafnalista yfir tíðast nefndar persónur í námsefninu.

Skást er hlutdeild kvenna í bókaflokknum, *Grjóthrúga, Róm, Miðaldafólk*, sem inniheldur bækurnar, *Ein grjóthrúga í hafinu, Frá Róm til Þingvalla og Miðaldafólk á ferð*. Í þeim bókum eru nafngreindar 45 konur, meira en helmingur nafngreindra kvenna í öllum námsefni í sögu á miðstigi. Konur ná því 20% af fjölda nafngreindra einstaklinga í viðkomandi bókum og einnig 20% af heildatíðni nafngreininga. Nafngreindir karlar eru 184 eða 80% þeirra sem nefndir eru. Konur eru nefndar með nafni á 30% blaðsíðna í bókunum en karlar á 72% blaðsíðna. Sannarlega má segja að það sé grátleg staða að hampa ákveðnu námsefni sem „bestu stöðu“ hvað varðar jafnan hlut kynjanna þegar sú staða felst í því að annað kynið nær aðeins 20% hlut á við hitt. Sú nálgun sýnir sláandi fjarveru nafngreindra kvenna í námsbókum í sögu á miðstigi grunnskóla. Sú fjarvera ræðst ekki aðeins af færri heimildum um konur heldur ekki síst því hvaða efni er valið til frásagnar.

Þegar rýnt er í hvaða einstaklingar það eru sem tíðast eru nafngreindir kemur forgangur karla enn skýrar í ljós. Þar skipa karlar sér í 12 efstu sætin og sá listi er því sjálfkrafa karlalisti. Sú kona sem oftast er nafngreind er Þjóðhildur Jörundardóttir og því næst Guðríður Þorbjarnardóttir en báðar hljóta þær tíða nafngreiningu í bókinni *Leifur Eiríksson*. Við lestur á nafnalista þeirra einstaklinga sem oftast eru nafngreindir má sjá ákveðna forgangsröðun í námsefninu. Hún kemur líka í ljós þar sem fjallað er um forgang einstaklinga með staðsetningu á áherslusvæði í námsbókunum svo sem í kaflaheiti og í því hvaða einstaklingar eru skilgreindir sem megin- eða aðalpersónur. Karlar fá 48 sinnum í námsefninu nefnda eftir sér kafla og auk þess þrjár bækur en konur enga bók en 7 kafla. Þetta verður til þess að aðeins 16 konur ná stöðu aðalpersónu en 63 karlar.

Í myndmáli er enn sömu sögu að segja; nafngreindar konur eru þar í miklum minnihluta. Konur eru oftast við barnagæslu og heimilisstörf en karlar í valdabaráttu eða valdastöðu.

Við athugun á þeim lýsingum sem viðhafðar eru í námsefninu um karla og konur kom í ljós að allra eftirsóknarverðast er að vera fögur og myndarleg ef þú ert kona en ríkur og valdamikill ef þú ert karl. Því gæti sú hugsun læðst að nemendum sem eru að móta eigin sjálfsm mynd á aldrinum 10-12 ára að vænlegast væri fyrir kvenkyns einstaklinga að leita leiða til að auka eigin fegurð og glæsileika. Karlkyns einstaklingar ættu hins vegar að stefna að því með ráðum og dáð að verða valdmiklir og ríkir. Spyrja má hve æskilegar slíkar ímyndir séu fyrir æsku Íslands? Á sagan að kenna ungum Íslendingum að til að ná árangri í lífinu sé mikilvægast að leita allra leiða til að bæta eigið útlit, ef þú ert kona, en komast yfir auð og völd ef þú ert karl og hve langt má ganga til að ná þeim markmiðum, jafn langt og víkingar eða jafnvel útrásarvíkingar?

Almenn umfjöllun um konur í námsefninu virðist á stundum vera tilviljunarkennd og misvísandi, jafnvel innan sömu bókar. Oft er sagt frá því að konur hafi verið algjörlega valdalausar og lítið fjallað um verksvið þeirra og mikilvægi í samfélaginu en einnig má finna dæmi þar sem konur eru kynntar til leiks sem valdamiklar húsfreyjur með lykjavöld og mannaforráð innan bæjar. Í þessu sambandi skiptir val, viðhorf og túlkun þeirra sem skapa námsefnið miklu. Hvað er sagt, hverju er sleppt og hvernig er það orðað sem sagt er. Hvort er

sagt: Karlar og konur skiptu jafnan með sér verkum þannig að karlar stýrðu búi utan dyra en konur innan dyra. Í þá tíð fór öll framleiðsla á mat, fatnaði, uppeldi og hjúkrun fram innan bæjar og auk þess voru framleiddar á heimilum vörur til útflutnings svo sem vaðmál. Ábyrgð kvenna sem stýrðu búi var því mikil og ákvarðanir þeirra skiptu sköpum fyrir líf og afkomu þjóðarinnar. Eða: Konur voru valdalausar og sinntu heimili og börnum?

Í Sögueyjubókunum segir, „Vaðmál var helsta útflutningsvara þjóðarinnar fram á 14. öld ... Vaðmálsgerð var því mikilvægasti heimilisiðnaður landsmanna á þjóðveldisöld.“ (Leifur Reynisson, 2009, bls. 37). Þar segir einnig, „Tólgín, sem var til dæmis notuð í kerti, var ein af helstu útflutningsvörum þjóðarinnar.“ (Leifur Reynisson, 2010, bls. 41). Spyrja má: getur verið að konur, húsfreyjur og bústýrur, hafi sem verkstjórar innan bæjar verið yfirmenn og framleiðslustjórar við gerð vaðmáls og tólgarkerta og því borið megin ábyrgð á framleiðslu á helstu útflutningsvörum þjóðarinnar? Ef svo er mætti geta þess.

Í þemaheftinu *Merkir sögustaðir Hólar* er sagt frá því að öllum íbúum biskupsdæmisins hafi boðist að koma að Hólum árlega og einnig að öllum sem komu heim að Hólum hafi staðið til boða tvær máltíðir á dag. Hér virðist hafa verið um umfangsmikla félagslega hjálp að ræða sem kallað hefur á stór eldhús og fjölda vinnukvenna til að undirbúa matinn og elda. Hver var bústýra Hólastaðar á þessum tíma og hafði yfirumsjón með þessari umfangsmiklu mataraðstoð, var það kona, er nafn hennar vitað?

Það er umhugsunarvert hvort birta á nemendum á miðstigi grunnskóla námsefni þar sem fjallað er um konur, hlutverk þeirra og stöðu á kynbundinn og jafnvel hlutgerðan hátt, stundum sem þolendur án skýringar. Sem lítið dæmi má nefna frásagnir af því að karlmaður hafi átt „framúrskarandi hjákonur og hafi eignast með einni þeirra sérlega skýra og efnilega drengi“ (Þórarinn Eldjárn, 2008, bls. 30). Það var sem sagt sjálfsagt að eiga hjákonu og nýta hana sem „einskonar tæki“ til að eignast efnilega syni. Einnig er sagt frá Herdísi Bersadóttur sem góðum kvenkosti enda: „Um hana sjálfa vissu þeir svo sem ekki margt en mest var um það vert að faðir hennar var einn ríkasti maður landsins,“ (Þórarinn Eldjárn, 2008, bls. 27). Herdís er hér sett fram sem upplagður „hlutur“ til ná í svo að öðlast mætti auð. Auk þess er hún ekki kynnt sjálf sem rík kona heldur sem dóttir ríks manns.

Það er áriðandi að þeir sem vinna að gerð námsbóka í sögu setji sér nútímaleg viðmið og leiti leiða til að skapa nýjan rithátt sem samræmist núgildandi lögum, aðalnámskrá og viðurkenndum gildum í samfélaginu. Nýta má nýja þekkingu úr rannsóknum á sviði sagnfræði, mannfræði, fornleifafræði og fleiri fræðigreina til að kynna til sögunnar konur sem rétt og verðugt er að fjalla um en hafa verið sniðgengnar hingað til. Þá ætti að reynast auðvelt að vaka yfir því að nefna til sögunnar með nafni þær konur sem eru og hafa verið þekktar í sögunni í stað þess að sleppa nöfnum þeirra eins og nú er víða gert sem er ekkert annað en þöggun. Ljóst virðist að hér ráða markmið, stefna og sjónarhorn höfunda og ritstjóra miklu. Athyglisvert dæmi því til sönnunar má lesa í bókinni *Miðaldafólk á ferð* þar sem saga Kristófers Kólumbusar er sögð frá þremur mismunandi sjónarhornum. Þar má glögglega sjá þá möguleika, vald og ábyrgð sem felst í vali höfundar á áherslum, framsetningu og túlkun á sögu til kennslu fyrir börnin okkar.

Sumir höfundar námsbókanna, sem hér eru til greiningar, velta sjálfir við þeim steini í inngangi námsbókanna að það sé nauðsynlegt að nemendur í sögu lifi sig inn í myndir og atburðarrás

fyrri alda í gegnum námsbækurnar. Þeir benda á að með því að læra um hvernig menn hafi valið sér leiðir í lífinu í gegnum söguna geti nemendur sjálfir speglað sig í henni og lært af henni (Leifur Reynisson, 2009; Þorsteinn Helgason, 2006). Sá böggull fylgir þó skammrifi að það hlýtur að teljast örðugt fyrir helming markhópsins, stúlkur í hópi grunnskólanema, að lifa sig inn í og spegla sig í námsbókum þar sem hlutdeild kvenna er hverfandi, allt niður í 1% eins og gerist í heildartíðni nafngreininga í *Sögueyjubókunum*. Það er einnig snúið fyrir drengina að ná eðlilegri og sannri mynd af sjálfum sér í slíkri speglun þegar spegillinn sýnir einsleitt samfélag stjórnsamra karla þar sem konur eru ekki taldar með.

Niðurstaðan er því sú að jafnrétti milli karla og kvenna í námsbókum í sögu á miðstigi grunnskóla sé stórlega ábótavant og er nauðsynlegt að bæta snarlega um betur. Það er því afar mikilvægt að þeir sem koma að námsefnisgerð í sögu setji sér skýr markmið, ekki aðeins um hvaða tímabil og atburði eigi að fjalla, heldur einnig hvaða karla og konur þeir kynna til leiks í námsefni íslenskra barna og hvernig. Það er ekki ásættanlegt að hræra í gömlum þekkingarpotti með nýrri sleif og endursegja gamlar Íslandssögu- og mannkynssögubækur og sjá svo til hvað flýtur ofan á. Ekki er næg ástæða fyrir efnisvali að um venju sé að ræða og benda má á að það sem skrifað er í samræmi við viðteknar gamlar venjur er trauðla þekking sem byggð er á nýjustu gögnum og heimildum samtímans um söguna, hvað þá nýrri sýn á söguna. Það á ekki að vera tilviljunum háð, vanafesta eða gamaldags karllæg söguskoðun sem ræður því hvaða nöfn og hvaða áherslur rata í kennslubækur íslenskra barna í sögu, til þess er ábyrgð þeirra sem velja þekkingu til náms fyrir komandi kynslóðir of mikil. Það á ekki heldur að vera tilviljun hverjir birtast á mynd eða hvaða einstaklingar koma fyrir í bókanöfnum, kaflaheitum, fyrirsögnum og efnisyfirlitum. Einnig skal bent á að ákveðin hlutdeild í nafngreiningu, myndbirtingum og umfjöllun er ekki eina markmiðið sem stefna þarf að til að ná auknu jafnrétti í námsefninu. Heildarumfjöllun um konur og karla skiptir að sjálfsögðu meginmáli. Það verður að spyrja hvort bæði kyn séu kynnt sem gerendur og mikilvægir þátttakendur í sögunni eftir því sem við á og hvort staða þeirra, hlutverk og verksvið sé til umfjöllunar á sambærilegan og sanngjarnan hátt.

Markmiðið þarf að vera að leitast við að gæta jafnræðis milli karla og kvenna á markvissan hátt við námsefnisgerð í sögu eftir því sem mögulegt er. Sérstaklega verður að leggja áherslu á að það er ábyrgðarhlutur að kenna börnum á miðstigi grunnskóla þá Íslandssögu sem birt er í *Sögueyjunni 1 og 2*, þar sem sögð er saga tímabilsins frá 870 til 1900 – saga Íslands í rúmlega 1000 ár - nánast án nafngreindra kvenna. Vandséð er að sú sögukennsla sé fullnægjandi eða í samræmi við kröfur samtímans.

Tillaga að vinnuramma við gerð námsbóka í sögu

Sú Íslands- og mannkynssaga sem samræmist ríkjandi lögum, reglum og gildum í samfélaginu í dag á að vera saga beggja kynja. Í henni á því að segja sögu bæði karla og kvenna. Það kann að vera áskorun fyrir þá sem vinna námsefni að rétta hlut kvenna í námsbókum í námsgrein sem hefur í gegnum tíðina einkum hampað körlum eins og raunin er í sögubókum en það breytir því ekki að markmiðið er að virða lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og jafnrétti sem grunnþátt menntunar. Því er mikilvægt að Námsgagnastofnun, höfundar, ritstjórar, ráðgjafar, yfirlesarar, höfundar myndmáls og aðrir þeir sem koma að gerð námsefnis fyrir grunnskólabörn í sögu setji sér sameiginlegt markmið, vinnuramma eða gátlista til leiðsagnar við námsefnisgerðina uns ásættanlegri stöðu jafnréttis er náð í námsefni í sögu.

Hér er varpað fram til umræðu tíu punktum sem gætu hugsanlega átt heima í slíkum vinnuramma eða gátlista sem væri verkfæri þeirra sem starfa við námsefnisgerð í sögu.

Tíu ábendingar, hugmyndir vegna vinnuramma og gátlisti við ritun námsefnis í sögu

1. **Lágmarks hlutfall nafngreiningar:** Mælt er með því að sett verði viðmið varðandi lágmarks hlutdeild kynjanna í nafngreiningum í námsefninu bæði hvað varðar fjölda og tíðni nafngreindra karla og kvenna. Með þessu móti ætti að vera mögulegt að koma í veg fyrir að því er virðist tilviljunarkennda nafngreiningu, og klifun á nöfnum einstaklinga af öðru kyninu langt fram yfir hitt. Konur séu kynntar til sögunnar með nafni, sé nafn þeirra vitað, en ekki sem nafnlausar dætur, eiginkonur eða mæður. Einnig er sjálfsagt að nefna nafn þeirra oft en einu sinni ef svo ber undir eins og gert er þegar karlar eiga í hlut. Benda má á að víða má sleppa nafngreiningu á körlum til að jafna hlutdeild kynjanna. Þannig er hugsanlegt að sleppa nafngreiningu sem er til staðar nú á körlum sem eru vinnumenn, þrælar, börn og nágrannar nema þeir skipti verulegu máli í sögunni. Auk þess virðast karlar oft nefndir ítrekað án þess að tilvist þeirra hafi markað djúp spor í söguna, þannig er Jörundur hundadagakonungur nafngreindur oft en menn eins og Árni Magnússon, Hannes Hafstein og Jónas Hallgrímsson (Leifur Reynisson, 2010).

2. **Vöktun:** Til að rétta kynjahallann sem birtist í námsefninu er mikilvægt að gera þekktum konum skil en sniðganga þær ekki þegar fjallað er um ákveðin tímabil eða atburði. Mikilvægt er að sögumatið sem liggur til grundvallar við val námsefnis til kennslu taki til viðfangsefna beggja kynja en einblíni ekki á söguvið þar sem karlar voru mest áberandi. Nú eru merkar konur eins og Auður djúpúðga, Hallveig Fróðadóttir, Þórunn hyrna og Guðríður Þorbjarnardóttir algjörlega sniðgengnar í heilum námsbókum eins og til að mynda *Sögueyjubókunum* (Leifur Reynisson, 2009 og 2010). Meðan verið er að leiðrétta kynjahallann í söguritun er lagt til að við gerð námsbóka verði viðhöfð sérstök vöktun þar sem þess er gætt að láta ekki fara hjá garði þekktar heimildir um merka einstaklinga úr hópi kvenna, þátttöku kvenna í sögulegum atburðum eða um líf kvenna almennt. Í námsefninu nú eru konur sniðgengnar á áberandi hátt, til dæmis þar sem fjallað er um Grundarbardaga í *Sögueyjuni 1*. (Leifur Reynisson, 2009). Þar er Helga á Grund ekki nefnd á nafn.

3. **Orðalag og nýir siðir:** Lagt er til að komið sé á því orðalagi að tala um, „*landnámsþjónin Þórunni hynnu og Helga magra*“ (Helgi Skúli Kjartansson, 2010, bls. 48) þegar fjallað er um landnámið en ekki Ingólf Arnarson og ónafngreinda konu hans. Fleiri svipuð dæmi mætti finna um það hvernig orðalag getur haft rík áhrif á nafngreiningu og merkingu og ýmist tryggt eða skert hlut kvenna. Einnig er lagt til að komið verði á þeim sið við ritun námsefnis að nefna sem oftast einstaklinga af báðum kynjum: Til dæmis þegar fjallað er um heiðin goð þá sé sjálfsagt að nafngreina bæði karlgoð og kvengyðjur svo sem Frigg, Freyja, Þór og Óðinn en ekki aðeins Óðinn, Þór og Freyr.

4. **Almenn umfjöllun:** Þegar fjallað er um konur almennt í námsefni í sögu er mikilvægt að huga skipulega að atriðum eins og að hlutgera konur ekki, setja þær ekki einungis fram sem stuðningspersónur, „verkfæri, hjálpartæki“ karla heldur vegna eigin verka. Gæta þess að gera ekki lítið úr hefðbundnum verkum kvenna eða afgangi þau ódýrt sem sjálfsagðan hlut heldur varpa réttmætu ljósi á framlag þeirra til sögunnar og áhrif þeirra á lífsafkomu þjóðarinnar.

5. **Staðalmyndir:** Mikilvægt er að festa konur ekki í ákveðnum staðalmyndum eða afmörkuðum hlutverkum heldur varpa ljósi á fjölbreytt viðfangsefni, stöðu og hlutverk þeirra eins og karla. Konur ætti að kynna sem einstaklinga sjálfar sín vegna en ekki í staðalmyndum sem dætur, eiginkonur eða mæður karla. Herdís Bersadóttir var rík, en ekki aðeins dóttir ríks manns (Þórarinn Eldjárn, 2008).

6. **Atriðisorðaskrá og nafnalisti sem mælitæki:** Lagt er til að það sé föst vinnuregla að vinna atriðisorðaskrá sem jafnframt sé nafnalisti fyrir kennslubækur í sögu eða sérstakan nafnalista. Slíkur nafnalisti er kjörið mælitæki við námsefnisgerðina til að fara yfir og meta stöðu kynjanna í námsbókinni og færa til jöfnuðar ef þörf er á. Það er ekki við hæfi að orðið konur sé sett fram sem atriðisorð í atriðisorðaskrá í glænýrri námsbók í sögu við hlið orða eins og knerrir, konungasögur og lagaumdæmi (Leifur Reynisson, 2009). Slíkt er afar sláandi, að helmingur mannkyns eða þjóðarinnar í þessu tilviki sé afgreiddur sem nafnlaus hópur undir samheiti í atriðisorðaskrá sem getið er á fjórum blaðsíðum. Velti höfundur námsefnis því fyrir sér ætti að kvikna eldrautt ljós því þá má ætla að hlutur kvenna sé með þeim hætti í viðkomandi námsbók að endurskoða þurfi efni hennar og sjónarhorn frá grunni.

7. **Nafngreining á áherslusvæðum:** Það ætti að vera vinnuregla að nafngreina á áherslusvæðum eins og í nafni bókar, kaflaheitum og efnisyfirliti bæði karla og konur. Stefnit skal að því að móta viðmið um lágmarks hlutdeild kyns á þessum stöðum í námsefni.

8. **Aðalpersónur:** Eðlilegt er að ákveða fyrirfram við gerð námsbóka í sögu að bæði karlar og konu skuli öðlast stöðu aðal- eða meginpersónu í námsbókinni enda markhópurinn, nemendur af báðum kynjum. Það er jákvætt og sjálfsagt að allir geti speglað sig í aðalpersónu af sama kyni og líka mikilvægt að hitt kynið lesi um aðalpersónur af gagnstæðu kyni. Til að ná stöðu aðalpersónu þarf viðkomandi að fá vægi með nafnbirtingu sem sker sig úr hvað varðar tíðni og jafnvel einnig aukið vægi á áherslusvæði og með myndbirtingu. Í námsbókunum eru nú þegar nýttar ýmiskonar frásagnaraðferðir til að koma sögunni á framfæri við nemendur og því ætti að reynast auðvelt að ná þessu marki til dæmis með því að setja konur fram sem sögumenn.

9. **Myndefni:** Mikilvægt er að unnið sé eftir sambærilegum markmiðum við gerð myndefnis fyrir námsbækur í sögu eins og þau sem sett eru fram varðandi umfjöllun í texta, vöktun og staðalmyndir. Þannig ætti þáttur nafngreindra einstaklinga á mynd að vera ákveðið lágmark fyrir það kyn sem sjaldnar birtist á mynd.

10. **Sögulegar skáldsögur:** Sögulegar skáldsögur eru til í sögu á miðstigi og nýttar til náms, þar eru karlar söguhetjur. Ætla má að form sögulegu skáldsögunnar gefi sérstaka möguleika til að nafngreina konur ekki síður og jafn títt og karla og útteila aðalhlutverkum til jafns til beggja kynja. Sjálfsagt er að huga að því að skrifa sögulegar skáldsögur sem námsbækur þar sem konur eru söguhetjur. Guðríður Þorbjarnardóttir, Melkorka Mýrkjartansdóttir, Þórunn Hyrna, Hallveig Fróðadóttir og margar fleiri væru þess verðugar.

Heimildir

- Alþingi.** (2008). *Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10 Frá 2008*. Sótt 04.07.2011 af: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0698.html>.
- Alþingi.** (2007). *Lög um námsgögn, nr. 71 frá 2007*. Sótt 21.07.2011 af: <http://www.althingi.is/lagas/139a/2007071.html>.
- Birgir Loftsson.** (2006). *Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Black, L. J.** (2006). Textbooks, gender, and World History. Sótt 15.06.2011 af: <http://www.historycooperative.org/journals/whc/3.2/black.html>.
- Blumberg, R. L.** (2007). *Gender bias in textbooks: A hidden obstacle on the road to gender equality in education*. United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization.
- Bragi Guðmundsson.** (2010). *Nýjar Íslandssögur fyrir miðstig grunnskóla*. Sótt 20.07.2011 af: <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/004.pdf>.
- Guðný Guðbjörnsdóttir.** (2007). *Menntun, forysta og kynferði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Helgi Skúli Kjartansson.** (2010). *Frá Róm til Þingvalla*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hrund Hlöðversdóttir.** (2006). *Merkir sögustaðir Skálholt*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Hrund Hlöðversdóttir.** (2006). *Merkir sögustaðir Hólar*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Jóhanna Karlsdóttir og Leif Aidt.** (2008). *Leifur Eiríksson – á ferð með Leifi heppna*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Leifur Reynisson.** (2009). *Sögueyjan 1. hefti, 870-1520*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Leifur Reynisson.** (2010). *Sögueyjan 2. hefti, 1520-1900*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Mennta og menningarmálaráðuneytið.** (2011). Aðalnámsskrá grunnskóla Almennur hluti. Sótt 20.07.2011 af: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>.
- Námsgagnastofnun.** (2011). Fréttir. Sótt 04.07.2011 af: <http://www.nams.is/um-namsgagnastofnun/Frettir/Frett/2011/05/25/Vaentanlegt-efni/>.
- Námsgagnastofnun.** (2011b). Namsefni. Sótt 08.06.2011 af: <http://www.nams.is/Namsefni/>.
- Ohlander, A. S.** (2010). *Kvinnor, män och jämställdhet i läromedel i historia*. Stockholm: Statens offentliga utredningar.
- Þorgerður H. Þorvaldsdóttir.** (1996). Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður? Athugun á hlut kvenna í kennslubókum í sögu fyrir grunn- og framhaldsskóla. *Saga tímarit Sögufélagsins*, 34, 273-305.
- Þorsteinn Helgason.** (2006). *Ein grjóthrúga í hafinu*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Þorsteinn Helgason.** (2009). *Miðaldafólk á ferð*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Þórarinn Eldjárn.** (2008). *Snorra saga*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Þórarinn Eldjárn.** (2008). *Merkir sögustaðir Þingvellir*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.